



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hugvísindasvið

Bein ræða í samtölum

Ritgerð til B.A.-prófs

Kolbrún Ýrr Bjarnadóttir

Febrúar 2009

Háskóli Íslands
Hugvísindasvið
Íslensku- og menningardeild

Bein ræða í samtölum

Ritgerð til B.A.-prófs

Kolbrún Ýrr Bjarnadóttir
Kt.: 270385-3469

Leiðbeinandi: Þórunn Blöndal
Febrúar 2009

Formáli

Vorið 2008 sat ég námskeiðið Samtalsgreining (05.40.28) sem kennt var við Hugvísindadeild Háskóla Íslands. Námskeiðið var áhugavert og spennandi enda byggt upp af lítt þekktu efni. Kveikjan að viðfangsefni þessarar ritgerðar er þetta námskeið; í raun hefði ég getað valið ótal önnur efni sem nefnd voru á námskeiðinu því íslensk samtöl eru enn lítt könnuð og af nógu að taka hvað varðar rannsóknarefni.

Ritgerðin var unnin undir handleiðslu Þórunnar Blöndal, dósents í íslenskri málfræði og málnotkun við Háskóla Íslands, en hún hafði umsjón með umræddu námskeiði. Ég vil færa henni mínar bestu þakkir fyrir einkar gott samstarf, þarfar ábendingar og aðstoð við að afmarka efni. Svona góður stuðningur er ómetanlegur og fyrir hann er ég þakklát. Auk þess vil ég þakka Agli Thoroddsen og Þórdísi Steinarsdóttur fyrir yfirlestur og gagnlegar ábendingar.

Ritgerðarskrif sem þessi reyna á alla þá þætti sem nauðsynlegir eru fyrir nemendur að tileinka sér og fela einnig í sér ýmislegt sem hægt er að nýta sér í framhaldsnámi, starfi og lífinu sjálfu. Þar sem efni ritgerðarinnar er nýtt af nálinni er von mín sú að fleiri taki sig til og skoði þær hliðar tungumálsins sem hingað til hafa að mestu verið ókannaðar hér á landi.

Ágrip

Samtöl, sem eru hluti af mannlegri tilveru, er hægt að skoða frá mörgum hliðum. Í þessari ritgerð er sjónum beint að samtalsgreiningu (e. *Conversation Analysis: CA*) og kenningum hennar sem tilheyra nútíma málvísindum. Í ritgerðinni er hugað að notkun beinnar ræðu í samtölum út frá ýmsum sjónarhornum. Með því að skoða samtöl var athugað hvernig bein ræða er kynnt, hver virkni hennar er í samtalinu, setningarleg einkenni og staða hennar innan frásagnar. Til þess að fá hugmynd um hvernig þessu er háttað voru 20 dæmi úr fjórum eðlilegum samtölum skoðuð en þau voru samtals um 84 mínútur að lengd. Dæmin voru greind með aðferð samtalsgreiningar (CA) – bæði með hlustun og nákvæmri skráningu gagna.

Niðurstaðan gefur vísbendingu um að bein ræða sé gefin til kynna á þrennan hátt: með orðræðuögn, með sögninni *segja* og með því að breyta tónfalli eða raddstyrk. Virkni beinnar ræðu tengist því í hvern er vitnað og hvernig umræðuefnið þróast á eftir henni. Tilgangurinn virðist yfirleitt vera sá að segja frá á eftirminnilegan hátt; að sviðsetja tiltekin atvik með tilheyrandi orðavali og rödd. Athugunin leiddi í ljós að mælendur vitna aðallega í fjarstadda málhafa með beinni ræðu en þó oft í sjálfa sig þar að auki til að endurskapa gömul samtöl. Þróunin á eftir beinu ræðunni tengist svokallaðri endurgjöf frá hlustanda sem er yfirleitt hlátur, lágmarkssvör (sbr. orðin *já* og *nei*) eða að hlustandi spyr nánar út í það sem felst í tilvitnuðu orðunum. Einnig kom í ljós að beina ræðan kemur yfirleitt fyrir í meginmáli frásagna, í risi þeirra, en síður í inngangi þar sem aðstæður eru kynntar eða í lokaþætti frásagnar þar sem þræðir eru dregnir saman. Bein ræða getur verið allt frá einu orði upp í langar frásagnir af einstökum atburðum.

Efnisyfirlit

1 Inngangur	1
2 Samtalsgreining (e. <i>Conversation Analysis</i>)	4
2.1 Fræðilegur grunnur	4
2.2 Hugtök	7
2.3 Fyrri rannsóknir á beinni ræðu	8
2.4 Rannsóknargögn	9
3 Bein ræða í samtölum	11
3.1 Hvað er bein ræða?	11
3.2 Kynning beinnar ræðu	11
3.2.1 Bein ræða kynnt með orðræðuögn	12
3.2.2 Sögnin ‘segja’ notuð til að kynna beina ræðu	15
3.2.3 Bein ræða gefin til kynna með tónfalli og/eða raddbreytingu	16
3.3 Virkni beinnar ræðu	20
3.3.1 Tilgangur beinnar ræðu	22
3.3.2 Í hvern er vitnað með beinni ræðu?	23
3.3.3 Þróun á eftir beinni ræðu	24
3.4 Setningarleg einkenni beinnar ræðu	29
3.5 Frásagnir í samtölum	31
4 Umræður um niðurstöður	34
5 Lokaorð	37
Heimildaskrá	39

1 Inngangur

Samtöl milli tveggja eða fleiri einstaklinga eiga sér stað hvar sem fólk er að finna og á hverjum stað eru þau mikilvægur þáttur í daglegu lífi. Það ætti því engan að undra að þegar þessi samtöl eru greind á fræðilegan hátt kennir þar ýmissa grasa. Þegar orðið ‘málfræði’ er nefnt dettur flestum í hug hefðbundin ‘skólamálfraði’, þ.e.

setningarfræði og beygingar- og orðmyndunarfræði. Í *Íslenskri orðabók* (1996:619) er málfraði skilgreind svo: „málvísindi, sú fræðigrein sem fæst við tungumál“.

Skilgreiningin er opin og gefur möguleika á mikilli breidd. Það eru nefnilega til minna þekktar fræðigreinar sem tilheyra málfraði en þær sem áður voru nefndar og ein þeirra er samtalsgreining sem nánar verður útskýrð í 2. kafla. Hefðbundin málfraði snýst að mestu leyti um ritað mál og oftast tilbúna setningar en í samtalsgreiningu er talmál í hávegum haft og alltaf unnið með raunverulega málnotkun, þ.e. segðir sem hafa verið notaðar í samskiptum milli manna. Hugtakið málvísindi á auðvitað bæði við um rit- og talmál þótt það síðarnefnda sé ekki jafn áberandi í fræðunum.

Flestir þekkjja hugtakið *bein ræða* en hugsa þá e.t.v. í kjölfarið um gæsalappir sem oftast einkenna beina ræðu í ritmáli. Bein ræða í samtölum er augljóslega af eilítið öðrum toga en þá er mælandi að apa eftir orðum annarra eða sínum eigin eftir bestu getu; orðum sem látin voru falla í tilteknu samhengi. Dæmi um beina ræðu í samtali má sjá í feitletruðu línunum í dæmi (a)¹:

- (a) *Þrjú til fimm þúsund stykkið*
1. C: kostuðu þeir sem sagt þrjú til
 2. A: já
 3. C: þá kostaði þetta rúmlega þúsundkall bangsinn
 4. A: já
 5. B: nei [stykkíð]
 6. D: [nei] stykkíð
 7. C: stykkíð [þrjú] til fimm
 8. A: [stykkíð]
 9. A: til [þrjú til fimm þúsund]
 10. C: [((hlær))]]
 11. A: og þetta var þú veist eins og Dísá sagði
 12. A: hún sýndi mér ég sagði bara
 13. A:→ **má ég fá að sjá þennan bangsa**
 14. A: hún bara
 15. A:→ **það er líka eins gott að þú fáir að sjá hann**

¹ Dæmið sem hér er merkt (a) kemur fyrir seinna en þá númer (17) á bls. 28 í kafla 3.3.3 sem fjallar um *Þróun á eftir beinni ræðu*. Tekin var sú ákvörðun að notast við sama dæmið hér til útskýringar á beinni ræðu í samtölum.

16. C: ji
 17. A:→ **og hann á alltaf að vera [(x)]**
 18. C: [það þarf að selja]
 19. C: að selja aðgang að honum
 20. A: já hún sagði það
 21. C: þegar fólk kemur að sjá hann ((hlær))
 22. A: (x) svo sagði ég svo sagði ég (x) svo sagði hún
 23. A:→ **heldur þú að þær leiki sér svo ekki**
 24. A:→ **rosalega með þetta**
 25. A: ég alveg
 26. A:→ **þær eru alltaf með þetta**
 27. A:→ **þeir fóru beint upp í hillu**
 28. A: hún alveg voða svekkt
 29. C: ji þannig að þetta hefur verið sko
 30. C: tíu fimmtán þúsundkall
 31. A: já [bara fyrir bangsa sagði hún]
 32. C: [almáttugur]
 33. C: ((sýgur upp í nefið))
 (ISTAL 02...1005)

Eins og sést í línunum 12, 14, 22 og 25 þá er hægt að kynna beinu ræðuna á ýmsan hátt en um það er fjallað nánar í kafla 3.2 sem ber heitið *Kynning beinnar ræðu*. Þar er fjallað nánar um þetta sama dæmi.

En hver er virkni beinnar ræðu í samtölum? Er hún notuð til að auðga málið eða er hún kannski ekki notuð á meðvitaðan hátt? Er hún algengari í tilteknum setningagerðum en öðrum? Er hún alltaf kynnt viðmælendum á sama hátt? Hvernig verður þátttakandi í samtali var við að viðmælandi hans notar beina ræðu og hvernig bregst hann við? Þessar spurningar eru meðal þeirra sem reynt verður að svara eins vel og kostur er í ritgerðinni og um þær hverfist bygging hennar.

Niðurstöðurnar gefa vísbendingu um að bein ræða í samtölum sé bæði afmörkuð formlega með ákveðnum hætti, t.d. tilteknum sögnum eða orðræðuögnum og að auki hafi hún ákveðna virkni í samræðunum sem þátttakendur þekkja og kunna að bregðast við. Þess ber þó að gæta að hér er ekki um meginlega rannsókn að ræða og ekkert verður alhæft út frá gögnunum. Til þess þyrfti miklu stærra gagnasafn en hér er unnið með.

2. kafli ritgerðarinnar fjallar um samtalsgreiningu almennt, fræðilegan grunn hennar auk þess sem vikið er að upphafsmönnum greinarinnar. Þar er líka rætt um viðfangsefni samtalsgreiningar og rannsóknaraðferðir auk þess sem lykilhugtök greinarinnar verða kynnt. Þá verður tæpt á fyrri rannsóknnum á beinni ræðu. Í lok kaflans verður þeim gögnum lýst sem hér eru lögð til grundvallar.

3. kafli ritgerðarinnar er rannsóknarkaflinn sjálfur þar sem sjónum er beint að beinni ræðu, kynningu hennar, formgerð, virkni og viðtökum. Í lok kaflans er fjallað um frásagnir en svo virðist sem bein ræða komi oft fyrir í örfrásögnum í samtölunum sem skoðuð eru.

Í 4. kafla ritgerðarinnar má síðan finna umræður um niðurstöður og 5. kafli inniheldur lokaorðin þar sem niðurstöður eru dregnar saman.

Það er athyglisvert að skoða samtöl og sjá hversu algeng notkun beinnar ræðu er í talmáli. Lítið hefur verið fjallað um þetta viðfangsefni almennt og nánast ekkert á íslenskri tungu. Margt smátt gerir eitt stórt og jafnvel lítil rannsókn á mjög afmörkuðu viðfangsefni, eins og sú sem hér er gerð, getur stuðlað að því að til verð heildstæð lýsing á eðlilegu íslensku talmáli. Athugun á beinni ræðu í samtölum ber að líta á sem framlag til slíkrar lýsingar.

2 Samtalsgreining (e. *Conversation Analysis*)

2.1 Fræðilegur grunnur

Samtöl eru hversdagsleg athöfn og hafa fram á síðustu áratugi síðustu aldar verið lítið rannsökuð. Það var í raun ekki fyrr en snemma á sjöunda áratugnum sem þetta efni var tekið til greina sem fræðilegt rannsóknarefni. Fyrir þann tíma var forskriftarmálfræðin (e. *prescriptive grammar*) allsráðandi og það sem var skrifað um samtöl tengdist í raun frekar *hvernig* fólk ætti að tala í stað þess að lýsa því hvernig fólk talar í *raun og veru* sem er einkennandi fyrir lýsandi málfræði (e. *descriptive grammar*) (ten Have 2000:3). Almenn skoðun vestrænna málfræðinga var sú að venjulegt samtal væri óskipulagt og ruglingslegt, jafnvel svo óskipulagt að ekki þjónaði tilgangi að rannsaka það að neinu marki (sjá deSaussure 1959:134-136; Lyons 1981:47-48; Höskuld Þráinsson 1999:9-10). Það var ekki fyrr en með tilkomu meðfærilegra upptökutækja og með viljanum til að rannsaka svona hversdaglegt fyrirbæri að reglufesta innan samtala og fjölbreytileiki þeirra voru skráð á bækur (ten Have 2000:3).

Eins og nafnið gefur til kynna er samtalsgreining (hér er átt við CA, þ.e. Conversational Analysis) aðferð til að rannsaka samtöl eins og þau koma fyrir en ekki til greiningar á texta eða samhengi þar sem virknin er önnur en félagsleg samskipti. Í raun er þetta aðferð sem reynir að höndla hið óhöndlanlega, þ.e. að greina reglur og grundvallarfyrirkomulag félagslegra samskipta. Samtalsgreining á því að baki tiltölulega stutta sögu en upphafið er rakið til Harvey Sacks í félagi við Emanuel Schegloff og Gail Jefferson á sjöunda áratug síðustu aldar. Erving Goffman og Harold Garfinkel áttu líka sinn hlut í þessu en frá Goffman kemur hugmyndin um að *talk-in interaction* sé félagslegt samskiptasvið (e. *social domain*) sem hægt sé að skoða sem stofnanaheild (e. *institutional entity*) út frá þess eigin forsendum (Wetherell og fl. 2001:52-54). Frá Garfinkel kemur hugmyndin um þjóðlýsingu (e. *ethnomethodology*), sem samtalsgreining byggir á, en helsta kennisetning greinarinnar er sú að félagsleg athöfn (e. *social action*) lærist í gegnum óformlegar, hagnýtar og venjubundnar aðgerðir. Ekki er um að ræða reglur eða hegðunarmynstur sem við meðvitað tileinkum okkur eða getum alltaf útskýrt. Þessi hegðun er aftur á móti nokkurs konar ósýnilegur og ómeðvitaður hluti samfélagsins (Wooffitt 2005:73). Í samtalsgreiningu er lítið á samtöl sem einn þátt þessara félagslegu athafna.

Innan samtalsgreiningar hafa verið þróaðar rannsóknaraðferðir sem henta greininni og út frá þeim kenningakerfi sem unnið er eftir. Samtalsgreining fæst ekki aðeins við venjuleg hversdagsleg samtöl heldur hefur nálgunin einnig verið hagnýtt fyrir formlegra tal, jafnvel sérfræðingatal sem á sér stað á vinnustöðum, pólitískar ræður og ýmsar greinar innan fjölmiðla, s.s. eins og útvarpsþætti þar sem hlustendur hringja inn og ræða við þáttastjórnanda. Í samtalsgreiningu er verið að fást við hreyfikraftinn (e. *dynamic*) í málinu og því er í mörg horn að líta. Margir iðkendur samtalsgreiningar nota frekar þá skilgreiningu á eigin verkum að þeir séu að skoða *talk-in-interaction* frekar en *conversation*; eða m.ö.o. málleg samskipti en ekki aðeins samtöl. Þótt hægt sé að nota CA til að greina önnur gögn en samtöl var fræðigreinin þróuð til að rannsaka eðli og samhengi í samtölum, nánar tiltekið tal sem er algjörlega gagnvirk (e. *interactive*) (Cameron 2001:87-88).

Fræðimenn sem vinna innan CA leiða allt sitt af nákvæmri hlustun og athugun á skráðum gögnum. Eftir það tekur við nákvæm skráning og úrvinnsla rannsakanda ásamt hans eigin túlkun. Það er alltaf um eigindlegar rannsóknir að ræða en upplýsingar um tíðni og fjölda eru oft hafðar með til skýringar. Í byrjun er ekki endilega lagt af stað með tilgátu um niðurstöðu heldur skipta gögnin mestu máli og það sem finnst í þeim ræður oft förinni. Vissulega getur ýmislegt farið fram hjá rannsakanda þegar það eina sem hann hefur er hljóðupptaka en til að bæta úr því getur hann skráð raddblæ, raddstyrk, lengd og tónfall á nákvæman hátt (Steensig 2001:17-22).

Sú staðreynd að samtal er sameiginlegt framtak tveggja eða fleiri og að fólk skiptist yfirleitt á um að hafa orðið, er aðalatriði í nálgun samtalsgreiningar sem lýsir raðbundnum og síendurteknum mynstrum sem eru sjáanleg í gögnunum sem verið er að greina, auðheyrð í upptökunum og rata á skráningarblaðið. Samhengið sem er skoðað í samtalsgreiningu verður að vera nokkuð rúmt, það skiptir miklu máli hvað kemur fyrir í næstu segðum á undan og eftir því sem er til athugunar hverju sinni og hvernig hlustandi bregst við orðum mælanda. Við notkun samtalsgreiningar eru gögnin allt sem rannsakandinn þarf; það sem stendur fyrir utan samtalið sjálft skiptir minna máli. Það kemur niðurstöðunni ekki við hverrar þjóðar málnotandi er, á hvað hann trúir eða hverjar hans daglegu venjur eru (Cameron 2001:87-88). Félagsleg staða eins og menntun og kynferði liggja því yfirleitt utan við samtalsgreiningu þótt fáeinum þyki betra að hafa þær upplýsingar með (sjá t.d. Steensig 2001:23).

Upphafismaðurinn Sacks og félagar hans spurðu í upphafi: *Why that now?* Það má segja að þetta sé aðal spurning fræðigreinarinnar, þ.e. *hvers vegna kemur þetta mynstur fyrir á þessum stað í samtalinu og hvaða áhrif hefur það á samtalið?* Samtalsgreining byggir á aðleiðslu (e. *induction*) því unnið er að því að komast að reglufestu í talmálinu með því að rannsaka einstök tilvik í samtölum. Þetta tilheyrir reynsluvísindum (e. *empirical observation*) og samhengið (e. *context*) skiptir öllu máli. *Order at all points* eru líka orð sem höfð eru eftir Sacks og félögum því staðreyndin er sú að rannsakendur ganga út frá því að reglufestu megi finna á flestum stöðum í samtalinu (sjá Steensig 2001:17).

Þess má geta að CA myndar grunninn að samskiptamálfræði (e. *interactional linguistics*) sem er nýjasta stefnan í samtalsrannsóknum. Samskiptamálfræðin þiggur flest frá CA en það sem greinir þessar tvær stefnur að er málfræðilegt sjónarhorn sem liggur til grundvallar í þeirri fyrrnefndu. Báðar stefnurnar hafna því að málhæfni (e. *linguistic competence*) og málbeiting (e. *linguistic performance*) séu algjörlega aðskild hugtök út frá rannsóknum á samskiptum manna (Þórunn Blöndal 2005a:105 og tilvitnanir hennar).

Orðræðugreining (e. *discourse analysis*) er eins konar yfirhugtak samtalsgreiningar en hún er oftast talin með yngstu greinum innan nútímamálvísinda. Orðræðugreining og viðfangsefni hennar heyra undir félagsleg málvísindi en þar er fyrst og fremst lítið á mál sem félagslegt fyrirbæri og því eðlilegt að hugsa og tala um það með félagslega þáttinn í huga. Í orðræðu- og samtalsgreiningu er rannsóknarefnið þess vegna fjarlægt því sem nefnt hefur verið ‘skólamálfræði’ sem hefur, eins og heitið gefur til kynna, haft mest vægi í kennslu (Þórunn Blöndal 2005a:17-19). Í raun má segja að ritmálsslagsíða (e. *written language bias*) einkenni viðfangsefni skóla hér á Vesturlöndum, ritað mál fær þar mikið vægi en hið talaða mál að sama skapi lítið, nema þá helst í formi upplesturs og framsagnar (Sjá Linell 2005). Samtöl eru almennt ekki iðkuð markvisst í íslenskum skólum. Viðfangsefni orðræðugreiningar eru ólík samtalsgreiningunni og geta verið bæði úr rit- og talmáli; allt frá blaðagrein til atvinnuviðtals eða myndasögu (Þórunn Blöndal 2005a:44). Almennt má segja að orðræðugreining sé einkum helguð rituðum textum af ýmsu tagi, en samtalsgreining talmálinu. Þó eru þar undantekningar á (sbr. Tannen 1989 og 2005). Það sem greinarnar tvær eiga sameiginlegt er að í þeim er aldrei fengist við tilbúna setningar né stakar setningar heldur alltaf mál í samhengi. Þar er heldur ekki fengist við spurninguna um rétt eða rangt mál (sjá Þórunn Blöndal 2005a:19-21). Báðar

greinarnar, orðræðu- og samtalsgreining, byggja á eigindlegum rannsóknum á málnotkun og virkni tungumálsins í samfélaginu þótt sums staðar séu leiðir þeirra ólíkar.

Samtalsgreining hefur tiltölulega nýlega numið land á Íslandi og er því af nógu að taka fyrir þá sem kjósa sér rannsóknarefni í greininni. Viðfangsefni fræðigreinarinnar eru ótal mörg og er t.a.m. hægt að skoða sérstaklega samvinnu í samtölum (í tengslum við endurgjöf og fleira), viðgerðir í máli fólks og notkun orðræðuagna. Örfáir fræðimenn hafa beint sjónum sínum að því efni sem tekið verður fyrir í þessari ritgerð, því sem kalla mætti *beina ræðu* á íslensku en gengur undir ýmsum nöfnum í öðrum málum (e. *reported speech; virtual talk; indirect speech; quotations; sæ. indirekt anföring; citat; anförda meningar; återgivet tal*).

Hutchby og Wooffitt hitta naglann á höfuðið þegar þeir segja að samtalsgreining sé best skilgreind út frá því hvað hún gerir; hvernig hún gerir okkur kleift að skoða félagslega heiminn og rannsaka eðli og samhengi félagslegra samskipta. Hún hefur nú þegar leitt í ljós að hversdagslegt tal er þegar að er gáð ákaflega skipulagt fyrirbæri (Hutchby og Wooffitt 1998:13).

2.2 Hugtök

Í samtalsgreiningu fyrirfinnast ýmis hugtök en samtalslotan (e. *conversational turn*) er sú mikilvægasta enda grunneining samtalsins. Þar sem samtöl eru ávallt samvinnuverkefni og snúast um það að þátttakendur skiptast á að hafa orðið eru lotuskipti (e. *turntaking*) líka mikilvægt hugtak. *Lota* er þannig sú eining sem mælandi lætur frá sér hverju sinni en *lotuskipti* verða þegar annar fær orðið. Lotur geta þess vegna verið mjög misjafnar að lengd og eðli eins og gefur að skilja. *Lágmarkslota* (e. *minimal response*) er t.a.m. stysta lota sem fyrirfinnst en hún inniheldur einungis svör eins og *já* eða *nei* en lengstu loturnar geta innihaldið stuttar frásagnir (sjá Þórunn Blöndal 2005a:112-115).

Það var upphafsmaðurinn Sacks, ásamt Schegloff og Jefferson, sem var fyrstur til að lýsa því hvernig samtal byggist upp af einingum (1974:699-700). Það má því eigna þeim lotuhugtakið en í grein þeirra um lotur og lotuskipti fara þau rækilega í saumana á því hvernig menn skiptast á að hafa orðið í samtölum. Í greininni gera þau tilraun til að lýsa því hvernig samtöl eru í eðli sínu og hvað einkennir þau. Þegar samtöl eru skoðuð er ekki nóg að einblína á hverja lotu fyrir sig heldur verður að skoða hana út frá stærri einingu, svokallaðri *runu* (e. *sequence*). Þar sem samhengið er mikilvægt

getur þetta varpað nýju ljósi á lotuna; með þessum hætti kemur í ljós hvaða hlutverk lotan hefur innan rununnar. Runu má þannig skilgreina sem nokkrar samtalslotur sem hanga saman merkingarlega og samskiptalega. Hver lota inniheldur eina eða fleiri *lotueiningar* (e. *turn constructional unit: TCU*). Lotueining er byggð upp af setningu (e. *clause-*), setningarlið, (e. *phrase*) eða stökum orðum (e. *lexical entity*) (Sacks, Schegloff og Jefferson 1974:702).

Í samtölum er ætlast til þess að hlustandi láti í sér heyra öðru hverju. Með því hvetur hlustandi mælanda eða lætur í ljós afstöðu sína og getur þannig gefið í skyn að mælandi megi halda áfram að tala. Ef hlustendur veita viðmælendum sínum ekki *endurgjöf* (e. *feedback; back channel*) getur virst sem þeir hafi ekki áhuga á því sem viðmælandi þeirra hefur að segja og samtalið getur hugsanlega fjarað út. Endurgjöf skiptist í *yrt* (e. *verbal*) og *óyrt* (e. *non-verbal*) endurgjöf. Yrt endurgjöf felst í orðum og orðasamböndum en óyrt í höfuðhreyfingum, svipbrigðum eða annarri líkamstjáningu (Þórunn Blöndal 2004:129). Maria Green-Vänttinen er finnskur fræðimaður sem hefur skrifað doktorsritgerð um endurgjöf í finnlandssænsku (2001:85). Skilgreining hennar á hugtakinu er sú að orð teljast endurgjöf ef þau eru ekki upphaf á nýrri lotu, ekki svar við spurningu, ekki bein viðbrögð við innihaldi samtalsins, ef þau hafa ekki áhrif á það sem á eftir kemur í samtalinu og þeim fylgir ekkert í sömu tónfallslotu.²

Hugtök samtalsgreiningar eru vissulega miklu fleiri en þau sem skipta mestu máli fyrir efnið sem um ræðir hafa komið fram.

2.3 Fyrri rannsóknir á beinni ræðu

Rannsóknir á íslenskum samtölum eru fáar og hafa allar verið gerðar á síðustu árum (sjá Camillu Wide 1998, Helgu Hilmisdóttur 1999 og 2007, Þórunni Blöndal 2004 og 2008, Sigrúnu Steingrímsdóttur 2007 og Þóru Björk Hjartardóttur 2006). Engin íslensku rannsóknanna hefur beinst að beinni ræðu, sem er rannsóknarefnið í þessari ritgerð, þótt aðeins hafi verið tæpt á efninu í einhverjum þeirra. Sigrún Steingrímsdóttir (2007:45) fjallar t.d. um virkni orðræðuagnarinnar ‘bara’ í íslensku máli. Sigrún bendir þar t.a.m. á virkni *bara* sem tilvitnunarmerkis; þ.e. að *bara* sé notað til að kynna beina ræðu sem fer á eftir. Þórunn Blöndal (2006:20) minnst einnig á beina ræðu í grein sinni um notkun *ókei* í máli unglunga. Þórunn Blöndal

² Hér er notast við þýðingu Þórunnar Blöndal (2005:127-128).

hefur skrifað hvað mest um íslensk samtöl, bæði á íslensku og ensku, en þar ber fyrst að nefna bókina *Lifandi mál* sem er inngangur að orðræðu- og samtalsgreiningu. Bókin er tilraun til að festa íslenskan hugtakaförða greinanna í sessi og hefur verið notuð til kennslu (sjá Þórunn Blöndal 2005a).

Skandinavarn standa okkur framar á þessu sviði en þar á samtalsgreining sér lengri sögu og meðal þess sem þar hefur verið rannsakað er bein ræða. Linda Jönsson (2005) skrifaði t.a.m. grein um málfærðilega byggingu beinnar ræðu í samtölum. Í greininni fjallar hún um virkni beinnar ræðu og hvernig beina ræðan er kynnt í samtalinu. Mats Eriksson fjallar einnig um sama efni en hann rannsakaði frásagnir í samtölum sænskra unglunga (Erikson 1997).

2.4 Rannsóknargögn

Til að mögulegt sé að rannsaka samtöl er nauðsynlegt að hafa aðgang að samtalsbanka en það er safn af hljóðupptökum og skráningu samtala þar sem allt er skráð eftir fyrirfram ákveðnum reglum eins og áður er getið. Árið 2002 varð ÍSTAL (Íslenski talmálsbankinn) til en þar eru varðveittar stafrænar upptökur á hljóðrænu formi sem teknar voru upp við venjulegar aðstæður samtala í heimahúsum eða á vinnustöðum. Alls inniheldur ÍSTAL 20 klukkustundir af efni, 31 samtal milli fullorðinna einstaklinga (Þórunn Blöndal 2005a:110).

Í þessari athugun var notast við þrjú samtöl úr ÍSTAL sem bera heitin *02...1005*, *02...1001* og *03...2001* en alls mátti finna 20 dæmi sem innihalda beina ræðu í þeim. Undir hverju dæmi sem fjallað verður um í næstu köflum má sjá eitt af þessum þremur númerum sem vísar þá í það samtal sem um ræðir. Þessi þrjú samtöl eru alls um 84 mínútur að lengd eða rétt tæp ein og hálf klukkustund eins og kemur fram í *töflu 1*:

Samtal	Þátttakendur	Lengd upptöku	Dæmi m/beinni ræðu
02...1005	3 kvk 1 kk	00:36:12	11
02...1001	2 kvk 1 kk	00:09:22	3
03...2001	2 kvk 2 kk	00:38:33	6
		≈ 84 mínútur	20

Tafla 1: Samtölin sem unnið er úr

Með því að skoða töfluna er augljóst að bein ræða er tiltölulega algeng í samtölum þótt hún sé að sjálfsögðu misalgeng eftir umræðuefni og þátttakendum. Þátttakendur voru 3-4 í hverju samtali og umræðuefnin margvísleg. Dæmin sem innihalda beina ræðu eru að mestu leyti fullskráð eins og þau koma fyrir í köflunum hér á eftir en með því er átt við að hver lína er númeruð til að auðveldara sé að vitna til þeirra. Þar sem tónfall skiptir máli er það merkt inn sérstaklega með örvum. Bein ræða er feitletuð og notast er við beina ör (→) á undan henni til að gera grein fyrir henni. Stórir bókstafir, A, B, C o.s.frv. eru notaðir til að tákna þátttakendur í samtalinu. Frekari grein er gerð fyrir táknum í fyrstu samtalsdæmunum hér á eftir.

Þótt dæmin séu 20 sem innihalda beina ræðu þá er í raun um að ræða 36 dæmi um beina ræðu þar sem sum þessara 20 dæma hafa að geyma fleiri en eina beina ræðu. T.d. eru 2 dæmi um beina ræðu í dæmi (b)³ eins og sjá má í línunum 7 og 9:

- (b) *Bíó*
1. B: hvað ert þú að þvælast í bíó
 2. C: ég nú Jón Bjarnason kom og sagðist ætla
 3. C: að sækja mig klukkan hálfniú það var paraball
 4. C: og það voru allir að sækja alla
 5. C: svo kemur Jón Bjarnason klukkan hálf sjö heim
 6. C: og ég segi
 7. C:→ **ertu að (kom-) ertu að koma að sækja mig**
 8. C: og þá sagði hann
 9. C:→ **ég sækji þig klukkan hálfniú**
 10. C: og svo fórum við í bíó á þessa yndislegu mynd
 11. A: er hún ekki æðisleg
 12. C: jú hún er æðisleg hún er alveg bara
 13. C: [ég þarf að fara aftur] á hana
 14. B: [(x) gleymi kaffinu]
(ISTAL 02...1005)

Stundum er því rætt um 20 dæmi þegar samhengið er á þann veginn en annars staðar um 36 dæmi þegar svo ber við.

³ Dæmið sem hér er merkt (b) kemur fyrir seinna en þá númer (4) á bls. 16 í kafla 3.2.2 sem fjallar um eina leið af þremur til að kynna beina ræðu. Tekin var sú ákvörðun að nota þetta sama dæmi hér til útskýringar á því að eitt dæmi getur innihaldið nokkrar beinar ræður.

3 Bein ræða í samtölum

3.1 Hvað er bein ræða?

Björn Guðfinnsson skilgreinir beina ræðu í bók sinni *Íslensk setningafræði* á eftirfarandi hátt með því að fjalla um óbeina ræðu til samanburðar:

Bein ræða nefnist það, sem haft er orðrétt eftir einhverjum – eða látið svo sem orðrétt sé. Óbein ræða nefnist hins vegar það, sem er ekki haft orðrétt eftir – né látið sem svo sé. Á undan eða eftir beinni ræðu standa að jafnaði inngangsorð, svo sem sagnirnar að segja, mæla, spyrja, svara, anza, hugsa og ýmsar aðrar sagnir af svipuðu tagi, t.d. kalla, hrópa, hyggja, vænta o.s.frv.

Dæmi beinnar ræðu: Konan sneri sér að drengnum og sagði: „Þér hefði verið nær að gegna.“ – „Er Jón heima?“ – spurði Sigríður. – „Ég veit það ekki,“ svaraði Ólafur. Sömu dæmi í óbeinni ræðu: Konan sneri sér að drengnum og sagði, að honum hefði verið nær að gegna. – Sigríður spurði, hvort Jón væri heima. – Ólafur svaraði, að hann vissi það ekki. Bein ræða breytist að jafnaði í skýringarsetningar eða spurnarsetningar, þegar henni er snúið upp í óbeina ræðu (Björn Guðfinnsson 1990:46).

Hér er Björn einungis að skilgreina beina ræðu í ritmáli og afmarkar hana þá með tilvitnunarkerkjum að venju. Í bókinni *Hugtök og heiti í bókmenntafræði* (1983:29) er talað um að bein ræða sé notuð bæði í eintölum og ræðum en oftast í samræðum og þá noti höfundar beina ræðu sem sviðsetningu á samtölum sem geta komið í stað lýsinga og frásagna. „Orðafar beinnar ræðu nálgast oft talmál, og það því fremur sem höfundur leggur meira kapp á að gera samtöl lifandi og eðlileg til þess að ná sem raunsæjustum blæ“.

Eins og gefur að skilja er merking hugtaksins ‘bein ræða’ önnur þegar rætt er um eðlileg samtöl. Í samtölum merkir ‘bein ræða’ það að mælandi vitnar orðrétt í aðra, oft þá sem ekki taka þátt í yfirstandandi samtali, en stundum í sjálfan sig eða aðra þátttakendur en þá í öðru samhengi, í öðru samtali. Með þessu sviðsetur mælandi samtöl sem þegar hafa átt sér stað og gefur frásögninni líf með því að nota orðrétt tilsvör og jafnvel raddblæ sem áttu við í samhengi þess samtals. Það sem hér er kallað ‘bein ræða’ er því tilvitnun í eigin orð eða annarra; orð sem hafa fallið við tiltekna aðstæður, orðið eftirminnileg og heyra til frásagnar af samskiptunum.

3.2 Kynning beinnar ræðu

Það kemur í ljós þegar rýnt er í gögnin að merki um að bein ræða sé að hefjast eru með ýmsu móti. Í raun má segja að það séu til ýmsar gerðir ‘tilvitnunarkerkja’ í talmáli sem notaðar eru á líkan hátt og gæsalappir í ritmáli og þau eru trúlega jafn

augljós fyrir aðra þátttakendur í samtali og þau eru fyrir lesendur ritaðs máls. Kynning fer oft fram með því að setja orðræðuögn framan við (sjá nánar í kafla 3.2.1), stundum með því að nota sögnina ‘að segja’ (sjá kafla 3.2.2) eða með því að breyta tónfalli eða rödd (sjá kafla 3.2.3). Í *töflu 2* sést hvernig bein ræða er kynnt til sögunnar í samtölunum 20 en kynningarnar eru 36 talsins þar sem dæmin innihalda sum hver fleiri en eina beina ræðu:

Kynningar	Tíðni	Alls %
Orðræðuögn	10	28%
-bara	5	
-alveg	2	
-svona	3	
Sögnin ‘segja’	13	36%
Breytt tónfall/rödd	13	36%
	36	100%

Tafla 2: Tíðni einstakra kynninga

Taflan sýnir að þessar þrjár leiðir til að kynna beina ræðu í samtali eru nokkuð algengar; 10 eru kynntar með orðræðuögn, 13 með sögninni ‘segja’ og 13 með tónfalli/raddbreytingu.

3.2.1 Bein ræða kynnt með orðræðuögn

Orðræðuagnir (e. *discourse particles, discourse markers*) eru oft inntaksorð sem hafa breytt hegðun sinni og færst yfir í flokk kerfisorða. Einnig getur verið að orðræðuagnirnar hafi upphaflega verið kerfisorð en missi enn frekar merkingu sína og áherslu við það að verða orðræðuagnir. Þessi umbreyting kallast *málfræðing* eða kerfisgerving (e. *grammaticalization*). Orðræðuögnum er af nákvæmni komið fyrir í orðræðu og gefa vísbendingu um formgerð orðræðunnar og hvernig hún skiptist í einingar.

Á íslensku er oft talað um *hikorð* í stað orðræðuagna en það heiti nær aðeins að tamörkuðu leyti yfir þá virkni sem þær búa yfir. Orðræðuagnir hafa margvísleg hlutverk, þær eru t.a.m. notaðar til afmörkunar á einstökum hlutum orðræðunnar (sjá Aijmer 2002:42), sem undanfari (neikvæðs) mats á því sem sagt er (sjá Aijmer 2002:46), sem úrdráttarorð (sjá Aijmer 2002:176) og sem halar (e. *tags*) með orðinu og sem undanfara (sjá Aijmer 2002:221; sjá um hala Þóru Björk Hjartardóttur 2006).

Orðræðuagnir hafa ekki eiginlega merkingu heldur hlutverk innan orðræðu eða samskipta. Virkni þeirra er misjöfn eftir því hvar þær standa í setningu eða í hvaða samhengi (Aijmer 2002:1-2). Þegar orðræðuagnir eru notaðar til afmörkunar á einstökum hlutum orðræðunnar getur það verið til að kynna nýja samtalslotu, til að láta í ljós að um útdúringu sé að ræða, til að kynna beina ræðu o.s.frv.

Orðræðuagnir eru almennt lítið þekktar í málinu en Höskuldur Þráinsson (1999:53-55) minnst á *agnir* (e. *particles*) eða *sagnaragnir* (e. *verb particles*) í bók sinni *Íslensk setningafræði* en þar skilgreinir hann þær sem smáorð sem eru fasttengd sögnum en hafa ekki setningarleg einkenni forsetninga eða annarra smáorða. Hann skilgreinir hugtakið *ögn* á eftirfarandi hátt:

Agnir eru sérstakur undirflokkur atviksorða. Þær líkjast atviksorðum að því leyti að þær stýra ekki falli og eru að því leyti frábrugðnar forsetningum. Þær eru líka ólíkar forsetningum að því leyti að þær mynda ekki sérstakan setningarlið með eftirfarandi fallorði og þær geta ekki staðið næst á undan fornafni. Merkingarleg sérkenni þeirra eru þau helst að þær mynda jafnan merkingarlega heild með sögnum (Höskuldur Þráinsson 1999:54).

Dæmi um þessar sagnaragnir er t.d. smáorðið *inn* í orðasambandi eins og að *taka eitthvað inn*. Höskuldur minnst enn frekar á *háttaragnir* (þ. *modalpartikeln*) sem hafa yfirleitt einhverja óljósa háttarmerkingu en meðal þeirra orða sem hafa þessi einkenni eru að hans mati orðin *bara*, *jú* og *sko* (Höskuldur Þráinsson 1999:55).

Í þeim samtölum sem hér eru athuguð kom í ljós að orðræðuagnirnar *svona*, *bara* og *alveg* eru notaðar til að kynna beina ræðu mælanda (sjá *töflu 2*). Í dæmi (1) segir A frá sniðugu atviki sem hún varð vitni að. Önnur dóttir hennar var að leita að lús í hárinu á hinni dótturinni heima hjá móður A. Í línu 4 notar A orðið *svona* til að afmarka beinu ræðuna. A afmarkar sig bara einu sinni þótt hún sé í raun að vitna í tvær manneskjur; þetta rennur saman í eitt. Í línu 5 vitnar hún sem sagt í mömmu sína en í línum 6-7 er það dóttirin Anna Sif sem vitnað er í:

(1) *Leit að lús*

1. A: heyrðu sko veistu hvað hún Anna Sif
2. A: var að gera við hana Helgu hérna hjá mömmu
3. A: hún var eitthvað komin með greiðu
4. A: og ((einhver hóstar)) mamma eitthvað svona
5. A:→ **Anna mín hvað ertu að gera við hana systur þína**
6. A:→ **ég er bara að athuga hvort það sé örugglega**
7. A:→ **engin lús í hárinu á henni**

8. C: var Anna Sif að tékka á því=⁴
 9. A: =á henni
 10. C: ((hlær))
 (ISTAL 02...1005)⁵

Engin ástæða er fyrir A að aðgreina beinu ræðu mömmu sinnar sérstaklega frá beinu ræðu Önnu Sifjar þar sem það nægir henni að breyta örlítið um tón. Viðmælendur gera sér vel grein fyrir að það er um tvær manneskjur að ræða í þessu samhengi. Vísbendingarnar sem benda til þess eru a.m.k. sterkar þótt erfitt sé að fullyrða slíkt um hegðun beinnar ræðu.

Í dæmi (2) er A að segja frá Dísu vinkonu sinni sem var erlendis og fór með dætur sínar í Disney World bangsabúð. A vitnar í Dísu sem sagði frá því hvernig dæturnar gátu valið sér bangsa sem átti eftir að fylla inn í. Í dæminu má sjá orðræðuagnirnar *bara* og *alveg* afmarka beina ræðu. *Bara* er notuð í línu 8 og *alveg* í línu 10:

- (2) *Teddybear*
 1. A: eins og til dæmis sagði Dísu það var einhver búð
 2. A: þarna í Disney World bangsabúð
 3. C: ((hóstar))
 4. A: og það var svona teddybear hérna
 5. A: teddybear eitthvað æðislegt
 6. A: hún kemur þarna inn og þá var bara bangsar
 7. A: ekkert annað okei og stelpurnar
 8. A: hún á þrjár stelpur sko þær allar bara
 9. A:→ **aaa ég vil fá bangsa**
 10. A: og Dísu alveg
 11. A:→ **já fáið ykkur bangsa**
 12. A: allar máttu velja sér einn bangsa
 13. A: Dísu sagði
 14. A:→ **ég hefði betur sagt ekki þetta**
 15. A: bangsarnir voru nefnilega tómir
 16. A: sem sagt það var ekki
 17. A: búíð að fylla inn í þá síðan
 18. D: hvað meinarðu [voru þeir ekki]⁶
 19. A: [þú veist það var ekki]
 20. A: það var ekki búíð að setja inn í þá
 21. D: já
 (ISTAL 02...1005)

Svo virðist sem þessar tvær orðræðuagnir, *bara* og *alveg*, hangi oft saman í máli fólks, sérstaklega þegar um frásagnir er að ræða. Gögnin benda til þess að það sé hægt að hafa þau í hvorri röðinni sem er án þess að um merkingarmun sé að ræða: *bara*

⁴ Merkið = þýðir að um er að ræða neglingu (e. *latching*) en þá er engin þögn á milli lotna.

⁵ Örvar fyrir framan segð og feitletrun merkja línur sem um ræðir hverju sinni.

⁶ Samhliða tal (e. *simultaneous speech*) er auðkennt með hornklofum og sýnir þegar tveir eða fleiri tala á sama tíma.

alveg eða *alveg bara*. Athygli vekur að A notar einnig orðið *sagði* til að afmarka beina ræðu. Hún vitnar því þrisvar sinnum í Dísu með mismunandi orðum í hvert skipti sem endurspeglar fjölbreytileikann í þessu sambandi.

Sigrún Steingrímsdóttir (2007:45) minnst á virkni orðræðuagna sem kynningu á beinni ræðu í ritgerð sinni sem fjallar um orðræðuögnina *bara*. Þar tekur hún fram að þessi virkni sé algeng meðal unglunga en þótt hún virðist ekki jafn algeng hjá fullorðnum málnotendum í ÍSTAL þá fyrirfinnst hún samt í máli þeirra eins og dæmin hér sanna. Þótt einungis þrjár orðræðugagnir hafi verið notaðar til að kynna beina ræðu í samtölunum sem hér er byggt á geta þær vissulega verið fleiri sbr. orðræðugagnirnar *nú, sko, hérna, þú veist* og svo lengi mætti telja. Niðurstöður þessarar könnunar eru fyrst og fremst vísbindingar um stöðu mála; stærra gagnasafn gæti gefið aðra mynd en þá sem hér er dregin upp.

3.2.2 Sögnin 'segja' notuð til að kynna beina ræðu

Í mörgum tilvikum er sögnin *segja* notuð til að kynna beina ræðu og þá fylgir yfirleitt með nafn viðkomandi eða persónufornafn. Dæmi (3) er frekar flókið á að líta en þar eru A og C að grínast með það að ungabarn (Helga), sem er á staðnum en tekur augljóslega ekki þátt í samtalinu, hafi haldið að þær (A og C) hafi komið að heimsækja hana en ekki móður hennar (sem tók þátt í samtalinu sem aðili B). Í línu 6 í dæmi (3) sést að C segir *já Kristín sagði* til að kynna beinu ræðuna sem er í línu 8:

- (3) *Meiri kerlingin*
1. C: þú ert nú meiri kerlingin
2. C: ((hóstar)) heldur þú að við Kristín
3. C: höfum komið að heimsækja þig
4. C: [ha]
5. A: [já ((hlær))]
6. C: já [Kristín sagði]
7. [(x)]⁷
8. C:→ **eigum við ekki að skella okkur aðeins til Helgu**
9. A: (x)
(ISTAL 02...1005)

A heitir Kristín og C notar beina ræðu til að vitna í það sem hún átti að hafa sagt í gríni. Þetta er í raun brandari og gerðist því aldrei en engu að síður notast C við beina ræðu. Líkur eru á að hún geri það til að gera brandarann áhrifameiri.

⁷ (x) merkir að það er ómögulegt að greina hvað sagt er.

Í dæmi (4) segir C frá því þegar Jón Bjarnason kom óvænt heim til hennar og bauð henni í bíó. Í dæminu eru persónufornöfn notuð með sögninni í stað nafna sbr. *ég* í línu 6 og *hann* í línu 8:

- (4) *Bíó*
1. B: hvað ert þú að þvælast í bíó
 2. C: ég nú Jón Bjarnason kom og sagðist ætla
 3. C: að sækja mig klukkan hálfnú það var paraball
 4. C: og það voru allir að sækja alla
 5. C: svo kemur Jón Bjarnason klukkan hálf sjö heim
 6. C: og ég segi
 7. C:→ **ertu að (kom-) ertu að koma að sækja mig**
 8. C: og þá sagði hann
 9. C:→ **ég sækji þig klukkan hálfnú**
 10. C: og svo fórum við í bíó á þessa yndislegu mynd
 11. A: er hún ekki æðisleg
 12. C: jú hún er æðisleg hún er alveg bara
 13. C: [ég þarf að fara aftur] á hana
 14. B: [(x) gleymi kaffinu]
(ISTAL 02...1005)

Ef línurnar í byrjun dæmisins eru skoðaðar má sjá að það er búið að kynna til sögunnar þá sem um ræðir, þ.e. *ég* (mælandinn) og *Jón Bjarnason*. Mælandi heldur líka áfram á sömu braut og notar persónufornafnið *við* í línu 10. Í þessum tilvikum er nóg að vísa í persónufornöfn þar sem upplýsingarnar sem áður komu fram eru nægar til að hlustandi geri sér grein fyrir við hvern er átt hverju sinni.

3.2.3 Bein ræða gefin til kynna með tónfalli og/eða raddbreytingu

Stundum virðist beina ræðan koma til án kynningar en þá er alltaf um e.k. raddbreytingu að ræða; þ.e. viðkomandi 'leikur' þann sem vitnað er í. Bein ræða getur, eins og áður hefur komið fram, bæði verið þannig að mælandi vitnar í sjálfan sig og að hann vitnar í aðra. Það gerist sjaldnar að mælandi breyti rödd og tónfalli (e. *intonation*) þegar hann vitnar í sjálfan sig en það kemur þó fyrir. Oft hægir fólk á máli sínu og breytir áherslu. Þegar vitnað er í fleiri en einn aðila í sömu frásögn notar mælandi stundum mismunandi rödd fyrir hvern aðila en þó ekki alltaf.

Í bók sinni, *Talking voices, repetition, dialogue, and imagery in conversational discourse*, kemur Deborah Tannen (1989:119-121) með dæmi um langa frásögn í samtali til að varpa ljósi á að ekki sé um eiginlega 'beina ræðu' að ræða heldur sé þetta einungis segð sem er búin til (e. *constructed*) eins og um skáldskap eða sjónleik væri að ræða og hefði sömu áhrif og þess konar fyrirbæri. Í þeirri frásögn notast

mælandi við fimm mismunandi raddir til að túlka þá sem hann vitnar í. Hann notar sömu rödd fyrir suma einstaklinga en mismunandi raddeiginleika (e. *quality*). Hann lætur hvern og einn hafa rödd sem lýsir aðstæðum sem um ræðir. Tannen (2005:151) minnst einnig á raddbreytingar í bók sinni *Conversational style* þar sem tónfall og hljómur er notað til að ramma inn beinu ræðuna; það sé í raun verið að herma eftir einhverjum eða vitna í einhvern með því að notast við tónfall og hljómsstyrk. Henni finnst mjög áhugavert að viðkomandi kynni ekki beinu ræðuna með því að segja, *hún sagði* eða *hann sagði* eins og tíðkast í ritmáli en eins og fyrrnefnd dæmi sýna eru ýmsar leiðir notaðar til þess konar kynningar.

Í dæmi (5) segir A frá því þegar hún fór með Pétri eiginmanni sínum að kaupa festingar á bílinn fyrir skíðin þeirra. A breytir áherslunni í línu 3 til að gefa til kynna að það var Pétur sem sagði þau orð á sínum tíma. Í línu 12 leggur A mikla áherslu á orð sín og breytir röddinni eilítið en þá vitnar hún í afgreiðslustúlkuna sem tók við borguninni; það er eins og hún sé að endurupplifa þessa afgreiðslu eða reyna að setja atvikið á svið. Í línu 15 notast hún við sömu aðferð og áður til að kynna beina ræðu; þ.e. hún breytir rödd og tónfalli:

- (5) *Átjánþúsund*
1. D: er þetta fyrir skíðin
 2. A: já heyrðu við ætluðum að kaupa bara Pétur ákvað
 3. A:→ **ég ætla bara að kaupa almennilegt**
 4. B: (núna)
 5. D: já
 6. A: ætlaði að kaupa svona æ
 7. A: sem er eins og svona opnast svona
 8. B: ég hef (al-) já
 9. A: svona klemma einhvern veginn
 10. D: já
 11. A: heyrðu svo bara ætluðum við að borga
 12. A:→ **átjánþúsund**
 13. D: ha
 14. A: já Pétur
 15. A:→ **átjánþúsund þetta er einhver vitleysa**
 16. A: og hún fer yfir þetta allt
(ISTAL 02...1005)

Dæmi (5) inniheldur því þrjár beinar ræður sem eiga það allar sameiginlegt að vera kynntar með breytingu á rödd og tónfalli. Í því skyni er erfitt að horfa á dæmið og reyna að skilja það einungis út frá bókstöfunum. Í svona tilvikum kemur nauðsyn hljóðupptökunnar bersýnilega í ljós. Með því að hlusta á upptökuna má vel greina orð A sjálfrar frá orðum sem hún tekur upp eftir öðrum.

Í dæmi (6) segir C frá atviki sem hún upplifði nóttina áður. C notast við mjög ýkta raddbreytingu til að koma því á framfæri að orð hennar í línunum 4 og 5 eru komin frá þeim sem hún vitnar í. Í línu 1 er sagt frá Sigga sem vaknaði handlama um nóttina og A stynur línur 4 og 5 upp til að reyna að líkja eftir honum:

- (6) *Handlama*
1. C: heyrðu Siggi vaknaði bara handlama í nótt
 2. A: nú
 3. C: bara vekur mig um fimmleytið
 4. C:→ **Elín heldur þú að það séu til**
 5. C:→ **einhverjar verkjatöflur hérna**
 6. C. það bara hann fó (x) í gær svo var hann
 7. C: orðinn eitthvað skritinn þegar hann fór
 8. C: að sofa í gær gat ekki legið á hægri hliðinni
 9. C: og hérna((barnið skríkir))
 10. C: svo bara vaknaði hann alveg kvalinn
 11. A: (það) er eitthvað
 12. C: Kristín segir að þetta sé klemmd taug (x)
(ISTAL 02...1005)

Leiða má líkur að því að C sé að reyna að vera sniðug með því að nota beina ræðu, a.m.k. ef ýkta raddbreytingin er höfð til hliðsjónar. Þótt hún sé e.t.v. ekki að búast við hlátri frá hlustendum sínum þá leggur hún greinilega áherslu á þessar stunur eiginmanns síns með því að nota beina ræðu.

Í dæmi (7) er áherslan á það að vera sniðugur meira áberandi. Þar er B að segja frá því þegar dóttir hans og vinir hennar leigðu sér limmósínu fyrir skólaball. Í samtalinu kemur fram að B og A (sem er konan hans) hlógu mjög mikið af þessu atviki en þarna er Sólveig dóttir þeirra að biðja bílstjórann um að flauta á mömmu sína þegar hún sér hana. Dæmið sýnir hækkandi tónfall hjá B í línu 2 en þessu fylgir líka örlítill raddbreyting. Lýsingarnar í þessu samtali eru dramatískar og leikrænir tilburðir miklir. Það má í raun flokka kynningu B í línu 1 sem undirflokk sagnarinnar ‘segja’ þar sem sögnin ‘garga’ virðist hafa sömu virkni, hins vegar er það líka tónfallið sem kynnir beinu ræðuna:

- (7) *Flautaðu!*
1. B: ..Sólveig og þau garga upp
 2. B:→ **þarna er mamma þarna er mamma flautaðu** ↑⁸
 3. B: við bílstjórann
 4. B: [á fínu fínu fínu dýru limmunni]
 5. A: [(hlær)]
 6. C: jesús minn
(ISTAL 02...1001)

⁸ Örvar fyrir aftan segð sýna tónfall. Þær eru aðeins merktar inn þegar tónfall skiptir máli. ↑ merkir risandi tónfall, ↓ merkir hnígandi tónfall og → merkir jafnt tónfall.

Eins og sést í línu 5 þá getur A ekki varist hlátri enda upplifði hún þetta atvik með B. Viðbrögð C, *jesús minn*, eru eftirtektarverð og alveg jafn áhrifamikil og hlátur sem fylgir oft í kjölfarið á svona sniðugum frásögnum sem tengjast gamansemi.

Í dæmum (8) og (9) eru tvær mæður að ræða saman um það þegar börnin þeirra eru að láta þær vita af einhverju sem er í raun óþarfi. B segir eina sögu í dæmi (8) af sínu barni og svo segir A aðra í dæmi (9). Hvorug þeirra kynnir beinu ræðuna formlega en þær breyta röddinni þegar þær vitna í börnin sín. Í dæmi (8) er beina ræðan í línu 6:

- (8) *Mamma ég þarf að pissa*
1. B: það er ekki mörg ár síðan hún hætti að vekja mig
 2. B: þegar hún fór á klósettið
 3. ((barn talar við C á meðan A talar við B))
 4. A: bara að láta þig vita=
 5. B: =kom alltaf vakti mig
 6. B:→ **mamma ég þarf að pissa**
 7. A: ekki að þú þyrftir neitt að
 8. A: [aðstoða hana nei]
 9. B: [neineinei neineineinei]
 10. B: bara til að láta mig vita (.)⁹
(ISTAL 03...2001)

Svo virðist sem A og B séu vel með á nótunum, þ.e. hvað varðar umræðuefnið. Í línunum 8 og 9 skarast tal þeirra þar sem B vissi líklega hvað A ætlaði sér að segja.

Í dæmi (9) heldur samtal þeirra áfram nema þá segir A frá einhverju sambærilegu og B gerði í dæmi (8). Hún vitnar í son sinn í línu 2 sem segir stundum *mamma mamma* án þess að þurfa neitt að tala við hana af ráði:

- (9) *Mamma mamma*
1. A: ja hann gerir þetta stundum sko
 2. A:→ **mamma mamma**
 3. B: (x)
 4. A: eða þá að hann kallar eitthvað
 5. A: og þá er eitthvað í sjónvarpinu (.)
 6. A: að láta mig vita
(ISTAL 03...2001)

Það er greinilegt í ljósi þessara dæma að það er eins og mælendur vilji breyta röddinni þegar þeir vitna í aðra til að gera frásögnina áhrifameiri. Leiða má líkur að því að þetta sé ferli sem málnotendur tileinka sér vegna áhrifa frá sambærilegri notkun

⁹ (.) merkir örstutta þögn; undir 0,5 sekúndum.

annarra í málsamfélaginu og allir viðmælendur þekki til og skilji merkingu raddbreytingarinnar.

Susanne Günthner (1999:685) hefur athugað hljómræna þætti (e. *prosodic techniques*) og raddeiginleika (e. *voice quality*) sem mælendur nota í beinni ræðu í samtölum. Athugunin birtir niðurstöður úr gögnum sem innihalda þýsk óformleg samtöl milli vina og fjölskyldumeðlima. Hún heldur því fram að mælendur séu ekki einungis búnir að endurorða fyrri samtöl með beinu ræðunni heldur vill hún meina að þeir bæti oft eigin sjónarhorni inn í tilvitnanir sínar. Athugun hennar beinist að því hvernig mælendur koma sjónarhorni sínu á framfæri með beinni ræðu og hvers konar tækni taleiginleika og hljómræna þátta þeir nota til þess, sama hvort sjónarhornið samræmist beinu ræðunni eða er henni ósamhljóma. Í greininni heldur hún því fram að mælendur noti hljómræna tækni og fjölröddunartækni (e. *technical polyphony*) til að vitna í aðra í daglegum samskiptum og séu þá að notast við einhvers konar raddlög (e. *layering of voices*). Günthner (1999:686) lýsir þessu nánar og á þann hátt að þegar mælandi vitni í gamlar segðir, taki hann segðina úr samhengi og setji hana aftur í nýtt samhengi í nýju umhverfi. Sjónarhorn mælanda hefur þannig áhrif á beinu ræðuna sem mótast af því hvernig upplifun mælanda var af henni. Beina ræðan tilheyrir því í raun tveimur manneskjum: upphaflegum mælanda og þeim sem vitnar í hann síðar. Á sama hátt tilheyrir hún tveimur heimum, söguheimi og frásagnarheimi, og getur haft í för með sér tvö ólík sjónarhorn. Günthner vitnar í Volosinov (1986) sem kallar þetta afskipti af tali (e. *speech interference*) og tekur undir að þetta gerist í hversdagslegum samtölum. Niðurstöður athugunar hjá Günthner (1999:704) eru því þær að mælendur nota mismunandi raddeiginleika og hljómræna þætti (t.d. raddstyrk og tíðni) til að ná eftirfarandi markmiðum: (i) til að aðgreina söguheim og frásagnarheim, (ii) til að herma eftir þeim sem sagði orðin og greina á milli persóna sem eiga í hlut, (iii) til að koma á fræmfæri talathöfnum (e. *speech activities*) og hvað viðkomandi fannst sjálfum um málið og að lokum (iv) til að gera athugasemdir við beinu ræðuna og upprunalegan mælanda (þann sem vitnað er í).

3.3 Virkni beinnar ræðu

Þegar fyrrnefnd dæmi eru skoðuð er eðlilegt að velta því fyrir sér hver virkni (e. *function, social action*) þessarar beinu ræðu er; hvað vill mælandi með því að beita þessari aðferð? Er hann að reyna að ná fram tilteknum áhrifum með því sem hann segir? Hvað hefur bein ræða fram yfir endursögn á atburðum? Einnig er forvitnilegt

að athuga hvernig beinni ræðu er tekið og þá í sambandi við endurgjöf; hvernig þróast efnið á eftir henni? Hvað getur valdið því að einmitt þessi orð lifa í frásögn annars manns? Það hlýtur í raun að vera að þessar tilvitnanir séu á einhvern hátt eftirminnilegar; þær hafi að mati mælanda gildi í samtalinu. Þetta geta t.d. verið nýjar upplýsingar sem mælanda, sem er að vitna í einhvern annan, finnast merkilegar. Einnig má hugsa sér að mælandi sé að skjóta sér undan ábyrgð á því sem hann segir; að hann hafi meira frelsi til að nota fullyrðingar, orð eða orðalag sem hann annars notar ekki.

Virgni beinnar ræðu er margvísleg í dæmunum sem hér er notuð og er best dæmd af því hvernig samtalið þróast á eftir henni. Í *töflu 3* eru tekin saman atriði sem snúa að samskiptalegu hlutverki beinnar ræðu. Þar er hvert og eitt dæmi skoðað sem ein heild þótt fleiri en ein bein ræða komi þar fyrir:

Dæmi	Tilgangur	Í hvern er vitnað	Viðtökur
(1)	Gamansemi	Aðra	Hlátur
(2)	Hneykslun	Aðra	Spurt nánar
(3)	Gamansemi	Aðra	Óljóst
(4)	Almenn frásögn	Sjálfan sig + aðra	Spurt nánar
(5)	Hneykslun	Aðra	Óljóst
(6)	Gamansemi	Aðra	Óljóst
(7)	Gamansemi	Aðra	Hlátur
(8)	Almenn frásögn	Aðra	Spurt nánar
(9)	Almenn frásögn	Aðra	Óljóst
(10)	Almenn frásögn	Sjálfan sig + aðra	Lágmarksendurgjöf
(11)	Óljóst	Sönglag	Lágmarksendurgjöf
(12)	Gamansemi	Sönglag	Hlátur
(13)	Gamansemi	Aðra	Hlátur
(14)	Gamansemi	Sjálfan sig + aðra	Hlátur
(15)	Óljóst	Sjálfan sig	Lágmarksendurgjöf
(16)	Gamansemi	Sjálfan sig + aðra	Lágmarksendurgjöf
(17)	Hneykslun	Sjálfan sig + aðra	Viðkvæði
(18)	Gamansemi	Sjálfan sig + aðra	Lágmarksendurgjöf
(19)	Almenn frásögn	Aðra	Lágmarksendurgjöf
(20)	Almenn frásögn	Sjálfan sig + aðra	Óljóst

Tafla 3: Virgni beinnar ræðu

Eins og sjá má er allur gangur á því hver tilgangur beinu ræðunnar er, í hvern er vitnað og hvernig viðtökunum er háttað. Hlátur fylgir yfirleitt gamansemi og í dæmi (17) fylgir viðkvæði hneykslun sem kemur ekki á óvart. Hins vegar er athyglisvert að lágmarksendurgjöf virðist geta komið fyrir sama hver tilgangur mælanda er. Þessar hliðar beinnar ræðu sem taflan endurspeglar verða nánar skoðaðar í eftirfarandi köflum.

3.3.1 Tilgangur beinnar ræðu

Ef reynt er að flokka dæmin 20 sem notuð eru má í raun segja að tilgangurinn með beinu ræðunni sé tvenns konar. Langoftast er um n.k. frásögn að ræða; tilgangurinn er þar með að segja sögu. Þessum frásögnum fylgir oft hneykslun eða viðkomandi reynir að vera sniðugur. Beina ræðan er þar með á einhvern hátt notuð til að undirstrika að eitthvað sé hneykslanlegt eða sniðugt. Í *töflu 3* eru mörg dæmi flokkuð sem almenn frásögn en þá virðist mælandi einungis vera að segja frá vissu atviki án þess að þar sé einhver sérstakur tilgangur að baki.

Í dæmi (10) segir B frá kjaftasögu sem tengdist því hvort nokkrir skólakrakkar ætluðu að leigja sér limmósínu fyrir skólaball eða ekki. Dæmið sýnir að það þarf ekki alltaf kynningu á undan beinni ræðu. Í dæminu notar B í raun enga kynningu en breytir röddinni í línunum 4, 5 og 14 svo viðmælandi hans getur verið öruggur um að röddin og orðin tilheyra öðru samtali. Í línunum 4 og 5 er hann að vitna í aðra en í sjálfan sig í línu 14:

- (10) *Kjaftasaga*
1. B: og á leiðinni út eftir sko þá segir
 2. A: ((sýgur upp í nefið))
 3. B: einhver hérna upp svona (hálf-) í hálfum hljóðum
 4. B:→ **djöfull var það gott hjá okkur**
 5. B:→ **að láta þetta fara svona**
 6. B: og þá greip einhver annar og þá er það þetta
 7. B: að koma svona kjaftasögu á kreik
 8. B: og þau létu svona nokkur orð falla um það
 9. B: og Sólveig spændist upp með þeim
 10. B: og ég sá það alveg á henni að hún vissi það
 11. B: að þetta var vitleysa það kæmi engin (lim-)
 12. B: engin limma og svo spurði ég
 13. B: sem sagt þegar þau voru að fara út
 14. B:→ **heyrðu hvenær átti ég að aftur að sækja ykkur**
 15. C: já(.)
 16. B: sem sagt bara svona alveg undirbúinn
 17. B: með strákunum ég átti að gera það
 18. B: eins svona bara eðlilega og hægt var (x)
 19. A: ((sýgur upp í nefið))
 20. C: já
(ISTAL 02...1001)

Svo virðist sem undirtektirnar hafi verið frekar dræmar sbr. svar C í línu 15: *já*. Hann heldur þá áfram í línunum 16-18 til að útskýra enn frekar hvað hann átti við.

Endurgjöfin í línunum 19 og 20 er ekki heldur mikil miðað við að tilgangur B lítur út fyrir að hafa verið að reyna að vera sniðugur með þessari löngu frásögn og beinu

ræðunum sem fléttast þar inn. Það er auðvitað ekki hægt að staðhæfa neitt um það hvort mælendur séu að skjóta sér undan ábyrgð með því að nota beina ræðu en það er líklegt í mörgum tilfellum. Ef undirtektirnar eru ekki miklar eins og í dæmi (10) eða viðmælendur efast um gildi þess sem sagt er getur verið gott fyrir mælanda að þurfa ekki að axla ábyrgð á því sem hann sagði; þetta voru í raun orð annarra.

3.3.2 Í hvern er vitnað með beinni ræðu?

Eins og áður hefur fram komið vitna mælendur bæði í sjálfa sig og aðra þegar bein ræða er hluti af samtali. Svo virðist sem fyrsta kynning á beinni ræðu leiði oft svipaðar kynningar af sér í framhaldinu. Ef mælandi notast við kynningu eins og *ég bara* til að vitna í sjálfan sig þá er þróunin oft þannig að hann heldur áfram á sömu braut og notar þar með t.d. *hann bara* eða *hún bara* þegar hann vitnar í annan aðila. Á sama hátt þróast samtal oft þannig að ef fyrsta kynningin á beinni ræðu er *ég segi* þá eru miklar líkur á að sú næsta sé *hann segir* eða *hún segir* o.s.frv. Þetta er hægt að sjá á ýmsum stöðum, t.d. í dæmum (4) og (18).

Þótt mælendur geti bæði vitnað í sjálfa sig og aðra geta þeir líka vitnað í eitthvað allt annað. Dæmi (11) og (12) eru sér á báti hvað varðar virkni. Í dæmi (11) má sjá A, C og D ræða um Júróvisionlag sem allir þátttakendur virðast kannast við. Lína 11 er í raun sungin með tilheyrandi raddbreytingum og innlifun:

- (11) *Júróvisionlagið*
1. A: júróvisionlagið ertu búin að heyra það
 2. C: já
 3. A: hérna mér finnst það nú bara nokkuð gott
 4. A: ég verð bara að segja alveg eins og er
 5. A: ég heyrði það Vala spilaði það fyrir mig
 6. A: hérna í tölvunni í vinnunni
 7. D: eftir því sem maður heyrir það oftar
 8. A: þá er það betra
 9. D: já
 10. A: já (x) svona ((einhver hóstar))
 11. A:→ **tell me tell me tell me þarna**
 12. D: já
 13. A: það er soldið gott
 14. D: já
 15. A: svo finnst mér hann svo skemtilegur
 16. A: með svona ofsalega svona skemtilegur karakter
 17. A: finnst mér mér finnst hann svona
 18. A: eins heillandi eins og Selma var
 19. D: ehe
(ISTAL 02...1005)

Mælandinn (A) er sem sagt að vitna í lag og notar því sérstaka leið til að koma því á framfæri. Það er áhugavert að A velji það að nota beina ræðu í þessu samhengi þar sem C og D virðast alveg vita um hvað ræðir án þess að hún sé notuð. Þetta bendir til þess að með beinni ræðu leggi A meiri áherslu á orð sín eða jafnvel til þess að mælendur séu stundum algjörlega ómeðvitaðir um eigin málvenjur. Ef A hefði ekki sungið áður nefnda ‘tilvitnun’ þá hefði merkingin eða tilgangur A með segðinni e.t.v. ekki komist til skila.

Í dæmi (12) er D að segja A, B og C frá því að maðurinn hennar hafi farið í heilun. Eins og lína 11 í dæmi (11) er lína 15 í dæmi (12) sungin með tilheyrandi raddbreytingum og innlifun sem undirstrikar enn frekar tilgang B; þ.e. hvers vegna hann notar beina ræðu.

- (12) *Heilun*
1. D: eða svo fór hann í heilun
 2. C: já
 3. A: fór [hann í heilun]
 4. C: [já hann fór]
 5. C: tvisvar í heilun til Steinunnar
 6. C: og einu [sinni]
 7. A: [já auðvitað]
 8. C: til Halldóru sjúkranuddara og svo fer hann aftur
 9. C: til Halldóru og örugglega aftur
 10. C: til Steinunnar ((barnið skríkir))
 11. A: hvað er hún búin að heila þetta úr honum
 12. C: nei (x) ekki
 13. B: hann á að fara til skátanna þeir
 14. B: ((barnið órólegt)) syngja svona
 15. B:→ **heila og heila seila**
 16. C: ((hlær))
(ISTAL 02...1005)

Markmið B hlýtur að tengjast því að vera sniðugur og í raun er eins og hann sé að snúa út úr með þessu uppátæki sínu. Það sést ef línur 13, 14 og 15 eru skoðaðar í samhengi. Endurgjöf C í línu 16, hláturinn, kemur þ.a.l. ekki á óvart.

3.3.3 Þróun á eftir beinni ræðu

Hlátur fylgir oft í kjölfar beinnar ræðu og í mörgum tilfellum virðist það einmitt vera það sem mælandi sækist eftir með notkun hennar. Þetta kemur ekki á óvart í ljósi þess að bein ræða virðist oft tengjast því að segja gamansögur og vitna til eftirminnilegra samtala. Mælandi nær því markmiði sínu og fær það staðfest með hlátri viðmælenda sinna. Hlátur kemur oftast fyrir í lok frásagnar eða í hápunkti hennar – og þá er

tilganginum náð. Hlátur í þessu samhengi er því nokkurs konar endurgjöf því hann kemur fyrir á nákvæmlega sömu stöðum og virðist hafa sömu virkni og önnur endurgjöf (Þórunn Blöndal 2004:134). Upphafismaðurinn Sacks sagði að eitt af því fáa sem er leyfilegt að mælendur geri samtímis í samtali sé hlátur; það er t.d. ekki æskilegt að margir tali í einu og yfirleitt standa slík frávik stutt yfir og enda með því að einn stendur eftir sem mælandi. Hlátur er hins vegar félagslegur; ef einn hlær er líklegt að aðrir taki undir:

That's special and interesting for conversation because there aren't many things that people do in talk together. Laughter is one of the few things lawfully done together. But not only is it lawfully done together; the thing about laughing is that to do laughing right, it *should* be done together (Sacks, 1995 (Vol. II):571).

Hlátur eins er því tilboð um að aðrir megi hlæja. Margir fræðimenn hafa talið ákveðin afbrigði hláturs til endurgjafar og Erikson (1997:237) er einn af þeim; hann telur líklegast að hlátur komi fyrir þegar saga nær hápunkti sínum. Í þeim gögnum sem hér um ræðir er þessu eins farið, hlátur kemur sjaldnast fyrir í upphafi sagnanna en oftast um miðbik og við lotulok.

Í dæmum (13) og (14) er hópur fólks að tala um blakmót og allt sem þeim fylgir. Í línunum 13 og 15 í dæmi (13) er B að vitna í mann (Guðjón) sem var ekki hluti af samtalinu. Það er mikið hlegið yfir þessari sögu þar sem sá sem um ræðir var með svo lítinn skeggvöxt. Hláturinn er merktur inn í línu 15; hann kemur beint í kjölfarið á beinu ræðunni:

- (13) *Skeggvöxtur*
1. A: aldrei þessu vant=
 2. C: =það er hérna (.)
 3. C: karlarnir eru með svo hérna ofsalegar hugmyndir
 4. C: varðandi öldungamótið nú vilja þeir
 5. C: nú er talað um það að allir láti sér vaxa skegg
 6. D: nú fyrir öldungamótið
 7. C: og lita það [svo]
 8. B: [nema]
 9. B: Guðjón [(x)]
 10. A: [Guðjón]
 11. A: hann svitnaði ((A og B hlæja))
 12. A: hann þurfti sko lengri frest en þetta
 13. B:→ [**ég hefði**]
 14. A: [til þess að]
 15. B:→ **þurft að vita þetta í haust ((hlátur))**
 16. A: já til að ná að safna einhverju
 17. C: hann er óttalegur barnsrass ((hlátur))
 18. C: við Óskar þurfum nú ekki nema vikuna

19. D: ((hlær))
 20. C: sérstaklega Óskar þó
 (ISTAL 03...2001)

A og B eru í raun að reyna að koma sömu sögunni frá sér og þess vegna fléttast línurnar svona skemmtilega saman. A segir: *hann þurfti sko lengri frest en þetta til þess að já til að ná að safna einhverju* á meðan B notar beina ræðu og hermir eftir þessum umrædda Guðjóni með orðunum: *ég hefði þurft að vita þetta í haust*. Þannig koma A og B sögunni frá sér í sameiningu. Þetta endurspeglar þá staðreynd að öll samtöl eru samvinnuverkefni og oft eru mælendur svo virkir að þeir hjálpast að við að byggja upp setningar. Í línu 8 og 9 byrjar B t.d. setningu *nema Guðjón* sem A klárar svo í línunum 11 og 12 með orðunum *hann svitnaði hann þurfti sko lengri frest en þetta*. Þórunn Blöndal (2005a:129) hefur bent á að ýmsar ástæður geta legið að baki í svona tilfellum, t.d. eins og í þessu dæmi þar sem tveir þátttakendur eiga sameiginlega reynslu sem þeir hjálpast að við að miðla til annarra þátttakanda í samtalinu. Þetta kallast *safntal* (e. *cumulative talk*) og einkenni það sem kalla má samvinnustíl¹⁰ í samtölum.

Í dæmi (14) er rætt um hvernig lið fagna á blakmótum. C segir A og B frá því þegar hann var á Neskaupstað og spjallaði við konur leikmanna þaðan sem voru búnir að tileinka sér vissa aðferð til að fagna sem C og félagar höfðu notað árið áður. C vitnar í sjálfan sig í línunum 4 og 5. Í línu 7 vitnar hann svo í konurnar sem hann talaði við sem svöruðu fyrir sína menn með orðunum *já já það er nú alveg sama hvaðan gott kemur*:

- (14) *Kerlingarnar á Neskaupstað*
 1. C: jájájájá ég sagði það við kerlingarnar
 2. C: þarna á Neskaupstað
 3. B: já
 4. C:→ **þeir hafa nú stolið þessu frá okkur**
 5. C:→ **frá því (x) hérna í fyrra**
 6. B: já
 7. C:→ **já já það er nú alveg sama hvaðan gott kemur**
 8. C: (x) ((hlátur))
 9. A: það er rétt
 (ISTAL 03...2001)

Eins og sést er hláturinn merktur inn í línu 8, í kjölfarið á beinu ræðunni eins og í dæmi (13). Markmið C með beinni ræðu, sem er að öllum líkindum að segja frá á

¹⁰ Samvinnustíll einkennist af tíðum lotuskriptum, stuttum lotum, mikið af neglingu, endurgjöf og samhliða tali. Safntal fyrirfinnst einkum í samtölum milli fólks sem þekktist vel og tekur þátt í samtalinu á einlægán hátt (Norrby 1996:191).

skemmtilegan hátt, fæst staðfest með hlátri viðmælanda, og eins og áður var minnst á virðist hláturinn vera félagslegur.

Endurgjöf í samtölum getur verið mjög einföld; t.d. svokölluð lágmarksendurgjöf sbr. *mhm* og *já*. Þá er hún einungis notuð til að koma því á framfæri að hlustandi skildi hvað mælandi átti við og að orðið sé áfram laust. Stundum fær mælandi líka einungis lágmarks endurgjöf ef verið er að segja hlutlausa sögu sem tengist ekki gamansemi eða einhverju hneykslanlegu; eða þá hitt að hlustandi eða hlustendur ná einfaldlega ekki tilgangi sögunnar og sýna þ.a.l. ekki þau viðbrögð sem mælandi bjóst við.

Í dæmum (15) og (16) segir A frá því þegar maðurinn hennar skrapp út í búð fyrir móður sína en ílengdist þar því hann sá hamborgarhryggi á tilboði. Í dæmi (15) er hvergi minnst á móðurina en A lýsir viðbrögðum sínum þegar hún sá hamborgarhrygginn í línunum 4 og 5:

- (15) *Hu!*
1. B: það var nú gott hjá honum að kaupa svona stóran
2. A: já
3. D: já (.)
4. A: enda þegar ég sá hann ((karl geispar)) ég bara
5. A:→ **hu og hver á að borða þetta með okkur**
6. B: já (.)
(ISTAL 03...2001)

A segir frá stærðinni á hryggnum sem maðurinn keypti og vitnar í sjálfa sig í línu 5 en þar er beina ræðan kynnt með frasanum *ég bara* sem er ein af þremur algengum leiðum til að kynna beina ræðu (sjá *töflu 2*). Svo virðist sem smáorðið *hu* sé notað til áherslu. Endurgjöfina í dæmi (15) má sjá í línu 6 en það er lágmarksendurgjöfin *já*.

Dæmi (16) hefst á beinni ræðu þar sem A vitnar í móður mannsins síns sem var orðin óþolinmóð þar sem sonur hennar skrapp út í búð fyrir hana. Í línunum 8 og 9 er A einnig að vitna í móðurina en í línunum 3 og 4 vitnar hún í sjálfa sig með kynningunni *ég sagði*. Í línu 7 notar A svipaða kynningu og í dæmi (15): *og hún bara*.

- (16) *Hamborgarhryggir*
1. A:→ **..hvað rosalega er hann lengi**
2. A: ég sagði
3. A:→ **hvað hann hefur ábyggilega farið niður í skóla**
4. A:→ **eða eitthvað**
5. A: þá vorum við þarna (x)
6. B: já
7. A: og hún bara
8. A:→ **oh vissi hann ekki að ég ætlaði**

9. A:→ **að nota þetta núna ((hlátur))**
 10. A: hún bara beið (x)
 11. B: já
 12. A: þá var hann að skoða hamborgarhryggi
 13. B: já (.)
 (ISTAL 03...2001)

Í línunum 6, 11 og 13 í dæmi (16) má sjá endurgjöf B sem er í öllum tilvikum einungis í lágmarki. A náði þó markmiði sínu að einhverju leyti eins og sést í línu 9 þar sem hlátur er táknaður á eftir segðinni.

Í dæmi (17) er tilgangurinn líklegast sá að segja frá einhverju hneykslanlegu en þar er A að segja frá dýrum böngsum sem vinkona hennar keypti. Viðbrögð C í línunum 16 og 32 undirstrika þetta, upphrópanirnar eða viðkvæðin *ji* og *almáttugur*.

- (17) *Þrjú til fimm þúsund stykkið*
 1. C: kostuðu þeir sem sagt þrjú til
 2. A: já
 3. C: þá kostaði þetta rúmlega þúsundkall bangsinn
 4. A: já
 5. B: nei [stykkkið]
 6. D: [nei] stykkkið
 7. C: stykkkið [þrjú] til fimm
 8. A: [stykkkið]
 9. A: til [þrjú til fimm þúsund]
 10. C: [((hlær))]]
 11. A: og þetta var þú veist eins og Dísu sagði
 12. A: hún sýndi mér ég sagði bara
 13. A:→ **má ég fá að sjá þennan bangsa**
 14. A: hún bara
 15. A:→ **það er líka eins gott að þú fáir að sjá hann**
 16. C: **ji**
 17. A:→ **og hann á alltaf að vera [(x)]**
 18. C: [það þarf að selja]
 19. C: að selja aðgang að honum
 20. A: já hún sagði það
 21. C: þegar fólk kemur að sjá hann ((hlær))
 22. A: (x) svo sagði ég svo sagði ég (x) svo sagði hún
 23. A:→ **heldur þú að þær leiki sér svo ekki**
 24. A:→ **rosalega með þetta**
 25. A: ég alveg
 26. A:→ **þær eru alltaf með þetta**
 27. A:→ **þeir fóru beint upp í hillu**
 28. A: hún alveg voða svekkt
 29. C: *ji* þannig að þetta hefur verið sko
 30. C: tíu fimmtán þúsundkall
 31. A: já [bara fyrir bangsa sagði hún]
 32. C: [almáttugur]
 33. C: ((sýgur upp í nefið))
 (ISTAL 02...1005)

Viðbrögð C í línu 32 flokkast undir viðkvæði sem er ein tegund endurgjafar en með því lætur hlustandi í ljós skoðun sína á því sem sagt er með því að nota tiltekin orð eða orðatiltæki (Þórunn Blöndal 2005a:129). Það er auðvitað ekki hægt að túlka nákvæmlega hver tilfinningaleg afstaða C er gagnvart því sem A segir en orðin bera greinilega einhverja tilfinningalega merkingu. Þau gætu hugsanlega annað hvort gefið til kynna að C sé hissa eða hneyksluð; að öllum líkindum það síðarnefnda. Áhugavert er að sjá fjölbreytileika í kynningum A á beinni ræðu í þessu dæmi. Í línu 12 er beina ræðan kynnt með orðunum *ég sagði bara*, í línu 22 með *svo sagði hún* og í línu 25 *ég alveg*. E.t.v. hefur fjölbreytileikinn þau áhrif að frásögnin, sem er nokkuð löng, missir ekki marks.

3.4 Setningarleg einkenni beinnar ræðu

Það má segja að málnotendur búi yfir áunninni þekkingu á formgerð málsins sem geri þeim kleift að vita t.d. hvenær er í lagi að skjóta inn orði í samtali en það er venjulega gert á einhvers konar skilum, oftast skilum milli setninga (sjá Þórunni Blöndal 2004:139). Þessar reglur mynda uppistöðu setningafræðinnar því þær eru í raun þekking á liðgerð og formgerð setninga. Þekkingin gerir málnotendum kleift að giska á lotubygginguna, þ.e. úr hvaða einingum lotan er byggð og hvers er að vænta í framhaldinu. Oft verður þetta til þess að hlustandi botnar fyrir viðmælanda sinn; *vörpun* (e. *projection*) á sér stað sem verður til vegna samvinnu þátttakanda samtalsins. Vörpun tengist því að sá sem talar notar orð sem hæfa merkingu þess sem hann segir og hlustandinn skynjar merkinguna sem ásamt tónfalli og liðgerðarreglum gerir honum kleift að 'vita' framhaldið a.m.k. nokkurn veginn merkingarlega og oft nokkuð nákvæmlega hvað varðar formgerð. Á þennan hátt mætast samtalsgreining og setningafræði; ómeðvituð kunnátta málnotenda í tengslum við setningafræði málsins kemur þeim til hjálpar í töluðu máli. Þótt greinarnar nálgist viðfangsefnið á ólíkan hátt geta þær bætt hvor aðra upp og saman gefið nákvæmari mállýsingu en hvor um sig hefði verið fær um (Þórunn Blöndal 2005b:687).

Ef horft er til setningarlegra einkenna beinnar ræðu er í mörg horn að líta. Í ritmáli höfum við tilvitnunarkerki en eins og áður hefur komið fram afmarka mælendur í samtali beinu ræðuna á ýmsan hátt til að láta viðmælanda vita af henni. Í

talmáli eru setningarleg einkenni beinnar ræðu yfirleitt þau að þetta er ein setning¹¹ sem tekur yfirleitt ekki langan tíma að segja. Í gögnunum kemur þrisvar sinnum fyrir að beina ræðan sé einungis 1 orð og tvisvar sinnum er hún 2 orð. Það má finna þrjú dæmi um beina ræðu sem er lengri en ein ‘eiginleg’ setning en þá er um óvenju langa lotu að ræða. Í öll hin skiptin, eða um 27 sinnum, er hún í raun á eðlilegan máta.

Með því að skoða dæmin má sjá að bein ræða er oft nokkuð langur bútur; sér í lagi ef mælandi er að vitna í sjálfan sig. Beina ræðan getur samt verið allt niður í eitt orð eins og lágmarksendurgjöfin *já* eða spurningin *ha* eins og sjá má í línum 8 og 11 í dæmi (18). Þar er A að segja B og C frá því þegar Árne kom óvænt og bauð henni í bíó eitt kvöldið. Í línum 4 og 11 vitnar A í sjálfa sig en línur 8 og 10 eru orð sem hún hefur eftir Árna:

- (18) *Hrökk í kút*
1. A: ..svo kemur Árne hérna kemur Árne klukkan
 2. A: eitthvern tíma í hérna um kvöldið eða um
 3. A: kvöldmatarleytið og ég stilli mér upp og segi
 4. A:→ **nei hæ Árni ertu að koma að ná í mig** ↑
 5. B: ((hlær))
 6. A: segi ég
 7. C: já
 8. A:→ **já**
 9. A: segir hann
 10. A:→ **vertu tilbúin klukkan hálfniú þá förum við**
 11. A:→ **ha** ↑
 12. A: segi ég ég alveg hrökk í kút
 13. A: ég var ekki búin að skipuleggja neitt
 14. A: klukkan hálfniú ((sýgur upp í nefið))
 15. A: og þá sem sagt býður þau okkur í bíó
 16. A: að koma með sér í bíó
 17. C: já(.)
 18. A: og svo vorum við svo heppin að við náðum að sjá
 19. A: blessaða limmuna [sigla hérna]
 20. B: [(x)]
 21. A: [sigla hérna]
 22. C: [(auðvitað)]
 23. A: inn í bæinn það var alveg dýrðlegt (.)
 24. A: við erum búin að hlæja óskaplega mikið af þessu (ISTAL 02...1001)

Ef vel er að gáð má sjá að A kynnir beinu ræðuna í línu 4 bæði á undan og eftir henni með því að segja: *ég stilli mér upp og segi* í línu 3 og *segi ég* í línu 6. Með þessu móti rammar hún beinu ræðuna enn frekar inn.

Í dæmi (19) vitnar A, að því er virðist, orðrétt í vinkonu sína í línu 11 en hún

¹¹ Setning sem inniheldur sögn, nafnorð og forsetningu og jafnvel atviksorð, fornafn, töluorð eða lýsingarorð ef svo ber við.

byrjar strax í línu 1 að segja frá því að þessi vinkona hafi komið með rosalega gott ráð til að kenna börnum á skíði:

- (19) *Skíðin kyssast*
1. A: Ragga fyrirgefðu Ragga kom með rosalega gott ráð
 2. A: af því að við vorum hjá Rögggu
 3. A: hún er að fara ein til Ameríku á morgun
 4. D: er það
 5. A: í tvær vikur með hérna kór í Kópavogi
 6. B: sem sagt án foreldra sinna
 7. A: já
 8. D: já hún er ekki alein
 9. A: nei já þetta er æðislegt
 10. A: já hérna ((heyrir í smábarni)) hún sagði það
 11. A:→ **segið henni að láta skíðin kyssast að framan (.)**
 12. A: það skilja krakkar eitthvað svona
 13. D: já
 14. C: já (x)
(ISTAL 02...1005)

Í línunum 5 og 6 má sjá A og B hjálpast að við að byggja upp setninguna. Það sem B segir í línu 6 er reyndar í formi spurningar en það hjálpar engu að síður að koma á framfæri þeim upplýsingum sem eru viðeigandi í þessu tilviki. D er einnig hluti af þessu eins og sést í línu 8. Samtöl eru því greinilega byggð upp á annan hátt en setningafræðin gerir grein fyrir en samkvæmt henni standa setningar stakar og þar er alls ekki gert ráð fyrir að fleiri en einn aðili geti myndað setningu í sameiningu (sjá Höskuld Þráinsson 1999). Setningar þurfa að loða saman og eitt að leiða af öðru til að þær myndi merkingarbæra heild. Einingarnar þurfa að tengjast til að texti sé samfelldur; það sem vantar oft í lýsingum setningafræðinnar er hvernig slík *samloðun* er byggð upp á milli setningafræðilegra eininga (e. *cohesion*) enda beinast rannsóknir í setningafræði einkum að tengslum innan málsgreinar (Þórunn Blöndal 2005b:678).

Í dæmum sem þessu er gaman að velta fyrir sér hver tilgangur beinu ræðunnar sé. A hefði allt eins getað sagt eitthvað í líkingu við *hún sagði okkur að segja henni að láta skíðin kyssast að framan* en kys að nota beina ræðu þess í stað. Það hlýtur að segja okkur að það sé á einhvern hátt áhrifameira að nota beina ræðu en að rekja eitthvað með venjulegum hætti; það bendir að minnsta kosti til þess.

3.5 Frásagnir í samtölum

Þar sem bein ræða er mjög algeng í frásögnum í samtölum er ekki úr vegi að minnast nánar á það fyrirbæri enda eru stuttar frásagnir eitt einkenni óformlegra samtala. Frásagnir eru langar lotur og í dæmunum 20 kemur bein ræða yfirleitt fyrir þegar

sagan stendur sem hæst; nálægt hápunkti sínum. Hlátur kemur síðan í beinu framhaldi af því sem endurgjöf. Þórunn Blöndal (2004:138) komst að því í athugun sinni á endurgjöf í frásögnum að hlátur væri hlutfallslega algengari í flækjuhluta frásagnar og í lokakafla hennar en þær niðurstöður eru í takt við niðurstöður Erikson (1997:237) sem benda til þess að hlátur komi oftast fyrir þegar þegar saga nær hápunkti sínum. Niðurstöður Erikson leiða enn fremur í ljós að bein ræða sé mjög algeng í frásögnum og vegna sveigjanleika hennar sé mjög áhrifaríkt að notast við hana þegar segja á sögu. Tíðni beinnar ræðu í frásögnum hækkar eftir aldri mælandans ef horft er til notkunar hennar hjá unglingum (Erikson 1997:197-198).

Deborah Tannen (1989:102-105) fjallar um frásagnir í samtölum í bók sinni *Talking voices, repetition, dialogue, and imagery in conversational discourse*. Hún telur að fólk skilji og skipuleggi heiminn í kringum sig með frásögnum. Þar er minnst á rithöfundinn Eudoru Welty sem segist nota beina ræðu í samtölum til að skapa meiri dramatik en það virðist einmitt tengjast því þegar fólk segir frá einhverju hneykslanlegu eða vafasömu. Tannen nefnir líka að það sé munur á frásögnum og beinni ræðu innan þeirra eftir samfélögum og þjóðerni. Hún skoðaði muninn á frásögnum grískra kvenna annars vegar og amerískra hins vegar. Alls voru 15 af 25 frásögnum grísku kvennanna uppfullar af einhvers konar beinni ræðu en aðeins 1 af hverjum 25 frásögnum hjá þeim amerísku. Þetta telur Tannen sýna að grískt fólk segi betur frá og af meiri innlifun; það leggi meira upp úr því að viðmælendur upplifi aðstæðurnar nokkurn veginn eins og þær voru upphaflega en ekki gegnum venjulega endursögn. Í raun má segja að það endurskapi aðstæðurnar (Tannen 1989:124-125).

Í dæmi (20) má sjá nokkuð langa frásögn í samtali en þar er A að segja B og C frá því hvernig dóttir hennar lærði á skíði. A vitnar í þrjá mismunandi aðila: sjálfa sig (línur 6, 7, 8, 9 13, 14, 16 og 21), dóttur sína (lína 24) og manninn sinn (línur 18, 19 og 26) og notar til þess þær þrjár aðferðir kynninga sem fjallað hefur verið um:

- (20) *Skíðatækni*
1. A: ..svo var Pétur skíðamaður með svona (æð-)
 2. A: búinn að vera með svona svakalega tækni
 3. A: á Önnu Sif (x) á skíði
 4. A: og ég varð eitthvað óþolinmóð á sunnudeginum
 5. A: og segi við Pétur
 6. A:→ **veistu Pétur fyrirgefðu mér finnst þessi**
 7. A:→ **rosalega skíðatækni þín engan veginn virka**
 8. A:→ **þetta barn kann ekki neitt og**
 9. A:→ **[ég er bara hundóánægð með þetta]**
 10. B: [(x)]

11. A: (x)
 12. C: ha
 13. A:→ **ég er bara óánægð með þetta**
 14. A:→ **[ég vill]**
 15. B: [(x)]
 16. A:→ **að barnið mitt fari að verða klárt**
 17. A: og Pétur bara
 18. A:→ **það vantar bara herslumuninn bíddu róleg**
 19. A:→ **þetta þú veist ekkert að þína hana**
 20. A: og eitthvað svona ég bara
 21. A:→ **jæja**
 22. A: heyrðu það (leið-) það liðu tveir klukkutímar
 23. A: þá segir Anna
 24. A:→ **ég vill fara á skíði**
 25. A: og Pétur
 26. A:→ **já allt í lagi förum á skíði**
 27. A: heyrðu hún vildi ekki hætta
 28. A: og barnið bara þju náði þessu
 (ISTAL 02...1005)

Eins og sést í dæmi (20) getur frásögn meira og minna einkennst af beinni ræðu út í gegn, þ.e. hún kemur ekki einungis fyrir í meginmáli frásagnarinnar þótt það sé algengast. Með því að koma þessu frá sér á þennan hátt virðist A vera að skapa meiri dramatik eða segir a.m.k. frá af meiri innlifun en ella. Þar sem þessi frásögn tengist því ekki að vera sniðugur þá er enginn hlátur hér sem endurgjöf. Athygli vekur litla orðið *þju* í línu 28. Þar er A að nota hljóð til að lýsa því hvernig barnið skíðaði eftir að hafa náð tækninni. Þetta orð er ekki bein ræða heldur frekar hljóðlíking og tengist augljóslega því að segja frá á áhrifameiri hátt en venjan er, jafnvel með leikhljóðum.

4 Umræður um niðurstöður

Eins og fram hefur komið er hægt að skipta kynningu beinnar ræðu í samtölum í þrjá flokka sem kynntir eru nánar í sér köflum. Beina ræðan er þannig kynnt með orðræðuögn, sögninni *segja* eða tónfalli/raddbreytingu. Ef hvert og eitt dæmi er skoðað til hlítar og allar kynningar beinnar ræðu skoðaðar (oft fleiri en ein bein ræða í hverju dæmi) þá má sjá að þessir flokkar eru allir nokkuð stórir en um er að ræða 36 kynningar. Í dæmunum er nánar tiltekið hægt að finna 10 dæmi um beina ræðu sem kynnt er með orðræðuögn, 13 dæmi þar sem sögnin *segja* er notuð til að kynna beina ræðu og 13 dæmi þar sem bein ræða er gefin til kynna með tónfalli og/eða raddbreytingu. Þetta virðist því allt vera nokkurn veginn jafn algengt í málinu þótt erfitt sé að staðhæfa slíkt út frá svo litlu efni. Athygli vekur að flokkarnir eru allir u.þ.b. jafn stórir því það er eflaust gert ráð fyrir því að sögnin *segja* sé algengust. Því er a.m.k. þannig farið í ritmáli; *segja* er oftast notuð til að afmarka beinu ræðuna og gæsalappir eru oft notaðar þar að auki.

Virkni beinnar ræðu sem snýr að tilgangi hennar, í hvern er vitnað og hver þróunin er á eftir henni, bendir til þess að til séu allar mögulegar gerðir af beinni ræðu, þ.e. tilgangurinn og viðtökurnar þurfa ekki endilega að haldast í hendur. Svo virðist sem viðmælendur geri sér vel grein fyrir því að um tvær manneskjur er að ræða þótt mælandi vitni í tvær mismunandi manneskjur án þess að aðgreina þær (kafla 3.2.1). Í sambandi við hvern er vitnað í með beinni ræðu komu fram athyglisverðar niðurstöður. *Tafla 4* sýnir þrjá flokka sem koma til greina þegar mælandi notar beina ræðu. Einungis tvö dæmi af 20 eru ekki tekin með í þessu samhengi en þá var mælandi að vitna í sönglag sbr. dæmi (16) og (17).

Virkni	Tíðni	Hlutfallsleg heild
Hermir eftir sjálfum sér	1	5,5%
Hermir eftir öðrum	10	55,5%
Hermir eftir sjálfum sér og öðrum	7	39%
		100%

Tafla 4 : Í hvern er vitnað með beinni ræðu?

Eins og sést þegar taflan er skoðuð þá er einungis um að ræða eitt tilvik þar sem mælandi vitnar eingöngu í sjálfan sig. Algengara er að vitnað sé í aðra eða þá að mælandi vitnar í sjálfan sig og annan aðila þegar það er t.d. verið að gera grein fyrir samtali við aðra manneskju. Það má því draga þá ályktun að í langflestum tilvikum er

verið að endursegja orð annarra eða samtöl sem mælandi hefur átt við aðra. Þetta kemur e.t.v. ekki á óvart í tengslum við tilgang beinu ræðunnar. Mælendur virðast oftast reyna að vera sniðugir eða segja frá hneyksli þegar bein ræða kemur fyrir og vilja kannski ekki bendla sjálfa sig við það. Enn fremur eru mælendur e.t.v. endrum og sinnum að nota beina ræðu til að firra sig undan ábyrgð á því sem þeir segja og þá er auðvitað ekki hægt að vitna í sjálfan sig um leið og ábyrgðin er færð yfir á einhvern annan.

Endurgjöf í kjölfar beinnar ræðu getur verið margs konar en algengastar eru þrjár tegundir: hlátur, lágmarksendurgjöf (sbr. *nei* eða *já*) og það að viðmælendur spyrja nánar út í það sem sagt er eða gefið til kynna með beinu ræðunni. Bein ræða er kynnt 36 sinnum í þessum 20 dæmum en þar sem beina ræðan kemur oft fyrir aftur og aftur án þess að viðmælanda gefist færi á að koma með endurgjöf inn á milli þá eru endurgjafirnar nokkuð færri eða 29 talsins. *Tafla 5* sýnir sundurgreiningu á þeim:

Endurgjöf	Tíðni	Hlutfallsleg heild
Hlátur	6	20,5%
Lágmarksendurgjöf	10	34,5%
Spurt nánar út í það sem sagt var	8	27,5%
Kemur ekki fram/er óljóst	2	7%
Viðkvæði	3	10,5%
		100%

Tafla 5: Móttaka beinnar ræðu í samtali

Flest það sem kemur fram í *töflu 5* segir sig sjálf miðað við efni ritgerðarinnar en möguleikinn 'spurt nánar út í það sem sagt var' er í raun flokkur þar sem hlustandi sýnir því sem mælandi segir það mikinn áhuga að hann spyr nánar út í það sem beina ræðan gefur til kynna eða bætir einhverju við. Þessi endurgjöf er mjög algeng þótt lágmarksendurgjöfin sé algengari. Viðkvæði sem ættu e.t.v. helst að koma fram þegar um hneyksli er að ræða koma ekki oft fyrir. Hlátur er hlutfallslega nokkuð algengur enda virðist það oft vera það sem mælandi vill fá fram með beinu ræðunni þótt það takist ekki alltaf sem skyldi.

Bein ræða í frásögnum virðist yfirleitt tengjast meginmálinu, flækjunni eða vera ráðandi í allri frásögninni. Þegar hún tengist meginmáli frásagnar þá kynnir mælandi oftast beinu ræðuna í upphafi og þar með mál sitt í heild. Endurgjöfin kemur síðan

yfirleitt fyrir aftast í frásögn þar sem mælandi hefur orðið í lengri tíma en vanalega. Sökum þessa er bein ræða ekki sérlega algeng í inngangi og lokum frásagna.

Þessi athugun gefur vísbendingar um hvernig bein ræða er notuð í íslenskum samtölum en sú notkun virðist vera nokkuð algeng. Stærri rannsóknarúrtak gæti auðvitað leitt ýmislegt nýtt í ljós og breytt þessum niðurstöðum sem eru ekki afdráttarlausar. Þrátt fyrir það er hægt að setja fram tilgátur um virkni beinnar ræðu og kynningu á henni, setningarleg einkenni og hvernig hún tengist frásögnum í samtölum út frá þeim athugunum sem hér eru kynntar.

5 Lokaorð

Hér hefur verið fjallað um beina ræðu í samtölum og í því skyni reynt að leiða í ljós hvernig hún virkar í samskiptum milli tveggja eða fleiri einstaklinga.

Ritgerðin er þrískipt en fyrsti hluti hennar hefst á almennri umfjöllun um fræðigreininna sjálfa: samtalsgreiningu. Þar er aðferðum greinarinnar lýst og stiklað á stóru um upphafsmenn hennar. Einnig er vikið að tengslum hennar við samskiptamálfræði (e. *interactional grammar*) og orðræðugreiningu (e. *discourse analysis*). Helstu hugtök samtalsgreiningar eru tekin fyrir í kafla 2.2. Bein ræða hefur ekki verið skoðuð til hlítar á Íslandi en í kafla 2.3 er minnst á nokkrar skandinavískar rannsóknir og stuttlega gert grein fyrir íslenskum rannsóknum sem snúa að öðru efni innan samtalsgreiningar. Þessum fyrsta hluta ritgerðarinnar lýkur svo með umfjöllun um þau gögn sem notuð eru í ritgerðinni (kafla 2.4).

Annar hluti ritgerðarinnar (3. kafli) er sjálfur rannsóknarhlutinn en þar er bein ræða skilgreind á almennan hátt. Kafli 3.2 fjallar um það hvernig bein ræða er kynnt í samtölum en það er ýmist með orðræðuögn (3.2.1), með sögninni *segja* (3.2.2) eða raddbreytingu/tónfalli (3.2.3). Kafli 3.3 beinist að virkni beinnar ræðu og þar má líka finna undirkafla sem skýra hverja virkni fyrir sig. Þar er fyrst rætt um tilgang beinnar ræðu sem virðist yfirleitt tengjast því að mælandi reynir að vera sniðugur eða benda á eitthvað hneykslanlegt (3.3.1). Því næst er sjónum beint að því í hvern er vitnað með beinu ræðunni en það er algengast að mælandi vitni í aðra málhafa og jafnvel sjálfan sig í leiðinni (3.3.2). Loks er þróun á eftir beinu ræðunni skoðuð en þar kemur í ljós að endurgjöfin er algengust í þremur formum: sem hlátur, lágmarksendurgjöf eða þá að hlustandi spyr nánar út í það sem beina ræðan fól í sér (3.3.3). Í seinni hluta þriðja kafla er horft til setningarlegra einkenna beinnar ræðu (3.4) en bein ræða getur grundvallast á einu orði og allt upp í það að vera löng frásögn. Að lokum er fjallað sérstaklega um frásagnir í samtölum (3.5) þar sem þær eru mjög algengar í tengslum við þetta efni. Bein ræða er stundum gegnumgangandi í allri frásögninni en algengara er að hún sé staðsett í meginmáli hennar.

Þriðji og síðasti hluti ritgerðarinnar er svo 4. kafli en hann inniheldur umræður um niðurstöður. Þar er ýmislegt sem fram kom í 3. kafla skoðað enn betur og gaumur gefinn að atriðum sem vöktu áhuga út frá gögnunum. Þar kom t.d. í ljós að þeir þrír möguleikar sem notaðir eru til að kynna beina ræðu eru allir jafn algengir í þeim dæmum sem skoðuð voru. Bein ræða er oft setning en þótt mælendur reyni oft að vera

sniðugir þá ná þeir ekki alltaf takmarki sínu. Þá er endurgjöfin oft í lágmarki í stað þess að vera afdráttarlausari (t.d. hlátur) eins og mælendur þjuggust e.t.v. við með notkun beinu ræðunnar.

Úrtakið sem unnið var með var lítið en þrátt fyrir það felur það í sér ýmsar vísbendingar um atriði sem tengjast beinni ræðu í samtölum. Bein ræða er að öllum líkindum algeng í málinu og er því yfirleitt notuð ómeðvitað. Mælendur geta auðgað mál sitt með notkun hennar og með því að gefa hana til kynna á misjafnan hátt. Hlustendur virðast auðveldlega gera sér grein fyrir hvar er um slíkt að ræða og hvar ekki og viðbrögð þeirra geta verið allt frá lágmarksendurgjöf til hláturs.

Ljóst er að hægt er að skoða samtöl út frá mörgum sjónarhornum og einbeita sér að öllum mögulegum einkennum sem þau bera með sér. Eins og undanfarandi kaflar hafa gefið í skyn er hægt að koma auga á margt forvitnilegt í talmáli ef aðferðum samtalsgreiningar er beitt. Það opnast ný sýn á tungumálið; ný vídd sem gerir það að verkum að talmálið verður spennandi rannsóknarefni. Í íslensku eru rannsóknarefnin ærin. Þar sem ritað mál hýtur að verða til fyrir tilstilli talmáls – er ekki úr vegi að skoða það til mergjar eins og gert hefur verið við ritmálið.

Heimildaskrá

- Aijmer, Karin. 2002. *English Discourse Particles. Evidence from a corpus*. John Benjamins, Amsterdam.
- Björn Guðfinnsson. 1990. *Íslensk setningafræði 3. útgáfa*. Ísafold, Reykjavík.
- Cameron, Deborah. 2001. *Working With Spoken Discourse*. Sage Publications, London.
- de Saussure, Ferdinand. 1959. *Course in general linguistics*. Philosophical Library, New York.
- Erikson, Mats. 1997. *Ungdomars berättande. En studie i struktur och interaction*. Skrifter utgivna af Institutionen för Nordiska språk vid Uppsala Universitet, Uppsöllum.
- Green-Vänttinen, Maria. 2001. *Lyssnaren i fokus*. Svenska litteratursällskapet i Finland, Helsingfors.
- Günthner, Susanne . 1999. 'Polyphony and the 'layering of voices' in reported dialogues: An analysis of the use of prosodic devices in everyday reported speech'. *Journal of Pragmatics* 31;685-708.
- Helga Hilmisdóttir. 1999. *Þa er alveg geðveik sko. En fuktionell analys af den isländske diskurspartikeln sko*. Óbirt ritgerð við Háskólann í Helsinki.
- Helga Hilmisdóttir. 2007. *A sequential analysis of nú and núna in Icelandic conversation*. Nordica. Department of Scandinavian Languages and Literature, University of Helsinki, Helsinki.
- Hugtök og heiti í bókmenntafræði*. 1983. Jakob Benediktsson. Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands. Mál og menning, Reykjavík.
- Hutchby, Ian og Robin Wooffitt. 1998. *Conversation Analysis. Principles, practices and applications*. Blackwell, Oxford.
- Höskuldur Þráinsson. 1999. *Íslensk setningafræði*. 6. útgáfa. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Íslensk orðabók*. 1996. Önnur útgáfa, aukin og bætt. Árni Böðvarsson (ritstjóri). Mál og menning, Reykjavík.
- ÍSTAL = Íslenski talmálsbankinn. [Gögn í vörslu stýrihóps ÍSTALS.]
- Jönsson, Linda. 2005. Tal i tal. Grammatiska konstruktioner av anföring I tonårsflickors samtal. *Samtal och grammatik. Studier I svenskt samtalsspråk*. Bls. 89-108. Studentlitteratur, Lund.

- Linell, Per. 2005. *The Written Language Bias in Linguistics. Its nature, origins and transformations*. Routledge, London.
- Lyons, John. 1981. *Language and Linguistics. An introduction*. Cambridge University Press, Cambridge.
- Norrby, Catrin. 1996. *Samtalsanalys. Så gör vi när vi pratar med varandra*. Studentlitteratur, Lund.
- Sacks, Harvey. 1995. *Lectures on Conversation*. Volumes I og II. Ritstj. Gail Jefferson. Inngangur eftir Emanuel Schegloff. Blackwell, Oxford.
- Sacks, Harvey, Emanuel A. Schegloff og Gail Jefferson. 1974. A Simplest Systematics for the Organization of Turn-taking for Conversation. *Language* 50, 3:696-735.
- Sigrún Steingrimsdóttir. 2007. *Æ ég spurði nú bara ekkert út í það*
A functional analysis of the Icelandic discourse particle *bara*. Department of Linguistics, University of Göteborg, Göteborg.
- Steensig, Jakob. 2001. *Sprog i virkeligheden. Bidrag til en interaktionel lingvistik*. Aarhus Universitetsforlag, Århus.
- Tannen, Deborah. 1989. *Talking voices, repetition, dialogue, and imagery in conversational discourse*. Studies in Interactional Sociolinguistics 6. Cambridge University Press, Cambridge.
- Tannen, Deborah. 2005. *Conversational Style. Analyzing Talk among Friends*. Oxford University Press, Inc., New York.
- ten Have, Paul. 2000. *Doing Conversational Analysis*. Sage Publications, London.
- Volosinov, Valentin N. 1986. *Marxism and the philosophy of language*. Ladislav Matejka og I.R. Titunik sáu um þýðingu. Harvard University Press, Cambridge.
- Wetherell, Margaret, Stephanie Taylor og Simeon J. Yates. 2001. *Discourse Theory and Practice. A reader*. Sage Publications, London.
- Wide, Camilla. 1998. Bruket af *nú* í isländska radiosamtal. *Samtalsstudier*. Meddelanden från Institutionen för nordiska språk och nordisk litteratur vid Helsingfors Universitet utgivna genom Ann-Marie Ivars och Mirja Saari. B 19. Bls. 244-245.
- Wooffitt, Robin. 2005. *Conversation Analysis and Discourse Analysis. A comparative and Critical Introduction*. Sage Publications, London.
- Þóra Björk Hjartardóttir. 2006. Halar í samtölum. *Íslenskt mál og almenn málfræði* 28:17-55
- Þórunn Blöndal. 2004. Endurgjöf í samtölum. *Íslenskt mál* 26:123-145.

- Þórunn Blöndal. 2005a. *Lifandi mál. Inngangur að orðræðu- og samtalsgreiningu*. Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands, Reykjavík.
- Þórunn Blöndal. 2005b. Orðræðugreining og setningarfræði. Höskuldur Þráinsson (ritstj.): Setningar. Handbók um setningarfræði. *Íslensk tunga III*, bls. 677-695. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- Þórunn Blöndal. 2006. „...og við alveg bara ókei...“. Vangaveltur um tíðni og hlutverk ókei í íslensku talmáli. *Skíma 2*:17-20.
- Þórunn Blöndal. 2008. Turn-final eða ('or') in spoken Icelandic. *Språk och interaktion*. Nordica Helsingiensia 10. Bls. 151-168.